

Sólrún Inga Traustadóttir
Daníel Freyr Ívarsson
Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir
Ingvar Örn Magnússon
Jóhanna Teuffer
Margrét Rós Svansdóttir

Fornar rætur Árbæjar - Fornleifarannsókn

Áfangaskýrsla 2022



Með viðbótum frá Sólveigu Guðmundsdóttur Beck, Lilju Laufey Davíðsdóttur
og Láru Janusdóttur

Reykjavík 2023

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 225

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur - Árbæjarsafn.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Ritstjórn: Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

© Háskóli Íslands

© Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lára Janusdóttir.

Forsíðumynd: Yfirlitsmynd tekin með flygildi af svæðum A/C og B. Ef vel er að gáð má einnig sjá nemendur sem hafa lagst í grasið við svæði A/C og mynda stjörnu í tilefni af myndatökunni.

Ljósmyndir í þessari skýrslu eru teknar af starfsfólki og nemendum rannsóknarinnar árið 2022 nema annað sé tekið fram.

Kortagerð: Laufey Kristjánsdóttir og Margrét Rós Svansdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 225

Reykjavík 2023

Öll réttindi áskilin

Grunnupplýsingar um rannsókn

Leyfisnúmer Minjastofnunar Íslands: 201606-0078

Þjóðminjasafnsnúmer: 2022-13

Stutt lýsing rannsóknar: Fornleifarannsókn á bæjarstæði Árbæjar. Upphaf búsetu og þróun bæjarins frá öndverðu.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn og nemendauppgröftur.

Staðsetning: Árbæjarsafn, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík, Suðurland.

GPS hnit: A 362653 N 404777

Rannsóknartími: 4. maí - 3. júní 2022.

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir.

Fjöldi sérfræðinga: Alls 7 yfir allt árið; 6 (vettvangsrannsókn) + 1 (greining á fundasafni)

Fjöldi nemenda: 17 (vettvangsrannsókn)



Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar um rannsókn.....	4
Myndaskrá.....	7
Inngangur.....	9
Fyrri rannsóknir.....	10
Vettvangsrannsókn 2022.....	12
Aðferðafræði.....	12
Svæði A/C – Bæjarhóllinn.....	14
Svæði B – Öskuhaugur.....	19
Borkjarnarannsókn.....	21
Fjárhústóft nr. 262-127.....	21
Matjurtargarður nr. 262-4.....	22
Fjárhús nr. 262-6.....	23
Fundasafnið.....	25
Gripir.....	25
Málmur.....	26
Kopar og blý.....	27
Leir.....	28
Gler.....	29
Steinn.....	30
Annað.....	30
Dýrabein.....	31
Sýni.....	31
Gjall.....	32
Miðlun rannsókna.....	33
A brief English summary.....	35
Heimildaskrá.....	37
Útgefið efni.....	37
Óprentaðar/Óútgefnar heimildir.....	38
Vefsíður.....	38
Viðauki I: Steinagreiningar - Sólveig G. Beck.....	39
Viðauki II: Árbær, járnvinnslu- og eldsneytisleifar – Sólveig G. Beck.....	75
Viðauki III – Kort.....	79
Viðauki IV – Einingaskrá.....	82

Viðauki V – Flæðirit.....	88
Svæði B – stækkun til austurs	88
Svæði A/C.....	89
Viðauki VI – Mannvirkjaskrá	90
Viðauki VII – Ljósmyndaskrá.....	91
Viðauki VIII – Fundaskrá.....	103
Viðauki IX - Borkjarnaskrá	170
Viðauki X – Sýnaskrá.....	190
Viðauki XI – Teikningaskrá.....	192

Myndaskrá

Mynd 1. Nærmynd af hlöðugólfinu. Örin vísar til norðurs. -----	14
Mynd 2. Gamla hlaðan stendur bakvið (austan við) bæinn um árið 1945. Ljósmyndari: Helga Thume. Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-4932 ÞJMS. -----	15
Mynd 3. Púkk [24]. Örin vísar í norður.-----	16
Mynd 4. Torfhrun [23976] yfir móösku- og fiskibeinalagi [24751]. Steinaröð [23] er lengst til hægri á mynd. Neðst í vinstra horni sést í torfvegg í mannvirki [15]. Örin vísar í norður. ----	17
Mynd 5. Loftmynd af uppgraftarsvæði A/C eins og það leit út eftir sameiningu svæða A og C. Stóra grjótið sem liggur í röðum eru leifar af útveggjum hlöðunnar en ákveðið var að halda þeim til þess að styðja við viðkvæm jarðlög sitthvoru megin við veggina. Austasti hluti gamla svæðis A (til vinstri á mynd) er undir torfþökum til að hlífa mannvistarlögum þar en þau tilheyra eldri búsetustigum, og mynduðust fyrir árið 1500. -----	18
Mynd 6. Könnunarskurður [25471] í vesturhluta á svæði B. Örin vísar í norður. -----	19
Mynd 7. Hreinteikning af austursniði í öskuhaug. Skalinn er 40 cm. Teikning: Laufey Kristjánsdóttir, nemi í fornleifafræði.-----	20
Mynd 8. Nemendur við uppgröft á svæði B. Í hægra horninu efst á mynd má sjá hvar torfinu hefur verið flett ofan af og sýnir nýstækkaða svæðið. -----	20
Mynd 9. Yfirlitskort af borkjarnatöku á þremur svæðum á Árbæjarsafni. Kortagerð: Laufey Kristjánsdóttir. -----	21
Mynd 10. Teikning af fjárhúsi nr. 262-127 úr Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995, bls. 158.-----	22
Mynd 11. Á kortinu er búið að draga rauðan hring utan um borkjarna S0A20 (nær göngustíg) og S3A20 í matjurtargarðinum sem sýndu annars vegar leifar af mögulegu landnámstorfi á 51-59 cm dýpi (SA020) og torfi á 56-58 cm dýpi (S3A20). -----	23
Mynd 12. Nemendur við borkjarnarannsóknir á útihúsatóft nr. 262-127. -----	24
Mynd 13. Súluritið sýnir skiptingu fundanúmera eftir efnisflokkum. Ákveðið var að halda nokkrum yngri gripum því þeir gefa elsta mögulegan aldur fyrir jarðlög. Þetta eru gripir t.d. úr gúmmíi, korktappar, ljósapera og tjörupappi. -----	25
Mynd 14. Á skífuritinu má sjá að öskuhaugurinn er með 374 fundi en svæði A/C með 194 og einn gripur (krítarpípa) fannst í borkjarna í matjurtargarðinum. -----	26
Mynd 15. Skífuritið sýnir hlutfall undirefnisflokka málmis. -----	26
Mynd 16. Hluti af bókarskreyti sem fannst á nýstækkuðu svæði í öskuhaug.-----	27
Mynd 17. Innsigli úr blýi (2022-13-30) sem fannst beint undir grasrót á nýstækkuðu svæði í öskuhaugnum. Með því fannst einnig bókaskreyti úr koparblöndu. -----	28
Mynd 18. Stimpillinn á botni innsiglisins. Hann líkist stimpli Skúla Magnússonar, fógeta (sjá mynd til hægri) en leit af hinum rétta eiganda stendur enn yfir þegar þessi skýrsludrög eru skrifuð. -----	28
Mynd 19. Nánast heill bolli frá 20. öld fannst í grjóthruni hlöðunnar. -----	29
Mynd 20. Grýtubrot úr rauðleir, fannst í öskuhaugnum í jarðlagi [20221]. -----	29

<i>Mynd 21. Blátt, sanserað glerbrot úr skrautdisk, eða öðru íláti, fannst í öskuhaugnum. Gripurinn hefur verið framleiddur af Northwood Glass Company í Bandaríkjunum sem framleiddi listmuni úr gleri á tímabilinu 1887-1925.-----</i>	<i>30</i>
<i>Mynd 22. Glerbrot (2022-13-1) gæti verið úr þessum disk eða samskonar frá Northwood Glass Company. Mynd tekin af veraldarvefnum, hér. -----</i>	<i>30</i>
<i>Mynd 23. Sýnishorn af brenndum beinum úr öskuhaugnum á svæði B.-----</i>	<i>31</i>
<i>Mynd 24. Afdella (2022-13-361) úr járnvinnsluofni sem fannst í öskuhaugnum.-----</i>	<i>32</i>
<i>Mynd 25. Úr leiðsögninni 20.júlí: Skrafað við gesti um jarðlög og gripi í öskuhaugnum. ----</i>	<i>33</i>
<i>Mynd 26. Úr leiðsögninni 20. júlí: Staldrað við traðirnar og sagt frá sögu Árbæjar og bent á helstu fornleifar inn á safnsvæðinu. -----</i>	<i>34</i>
<i>Mynd 27. Nýtt útiskilti um rannsóknina er við göngustíginn, suðaustan við bæjarhús Árbæjar.-----</i>	<i>35</i>

Inngangur

Fornleifarannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* hófst árið 2016 og er á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði, jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og er verkefnið styrkt af fornminjasjóði. Helstu markmið rannsóknarinnar eru að varpa ljósi á búsetusögu og þróun Árbæjar og að miðla rannsóknum og niðurstöðum þeirra til safngesta og almennings. Leyfishafi rannsóknar var Sólrún Inga Traustadóttir, fornleifafræðingur og stundakennari við Háskóla Íslands. Í þetta sinn fór fornleifarannsókn á bæjarstæði Árbæjar fram dagana 4. maí til 3. júní og var uppgröfturinn liður í námskeiðinu *Fornleifarannsókn á vettvangi* (FOR406G) sem kennt er við Háskóla Íslands.

Leiðbeinendur við uppgröft voru Sólrún Inga Traustadóttir, Angelos Parigoris, Hermann Hjartarson og Hulda Björk Guðmundsdóttir. Margrét Björk Magnúsdóttir, fornleifafræðingur á Borgarsögusafni, hafði umsjón með hreinsun, pökkun og skráningu gripa í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, og kennslu í fornleifaskráningu. Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands ses., hafði umsjón með töku borkjarnasýna og kynningu á þeirri aðferð fyrir nemendum. Sigríður Þorgeirsdóttir, forvörður á Þjóðminjasafni Íslands kemur í heimsókn ár hvert og fræðir nemendur um aðhlyningu og pökkun gripa við vettvangsrannsókn. Hún er einnig forvörður rannsóknarinnar og veitir ráðgjöf í tengslum við meðhöndlun á fundasafninu. Gröfuvinna var unnin af Jóni Sigurgeirssyni, vinnuvélastjóra.

Sautján nemendur tóku þátt í uppgreftrinum, þau Danai Kyriaki G Papadopoulos, Daníel Freyr Ívarsson, Erla Sóley Skúladóttir, Eva Bryndís Ágústsdóttir, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Hrafnhildur Davíðsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir Teuffer, Jules William Connelly, Krístrún Kristinsdóttir, Laufey Kristjánsdóttir, Lára Janusdóttir, Marie Christiane Anny Maille, Margrét Rós Svansdóttir, Steinunn Edda Einarsdóttir, Tiphane Lucie Blanchemain og Viktor Gils Rúnarsson.

Úrvinnsla og skráning gagna fór fram haustið 2022 og var liður af námskeiðinu *Aðferðafræði II* (FOR202G) en aðalumsjónarmaður námskeiðsins var Angelos Parigoris. Aðrir leiðbeinendur voru Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Valmundsdóttir en alls

tóku tíu nemendur þátt í námskeiðinu. Lára Janusdóttir aðstoðaði við skráningu, úrvinnslu og frágang gripa.

Dr. Sólveig Guðmundsdóttir Beck, fornleifafræðingur, vann á árinu við sérgreiningar á steingripum og gjalli fyrir öll ár rannsóknarinnar til þessa. Sólveig hefur lokið við greiningar sínar og hægt er að finna niðurstöður hennar í viðaukum I og II í þessari skýrslu. Aðrar sérgreiningar á fundasafni ársins 2022 eiga eftir að fara fram og verða birtar í komandi áfangaskýrslum um leið og niðurstöður liggja fyrir.

Aðstandendur rannsóknarinnar þakka innilega öllum þeim sem tóku þátt árið 2022 fyrir framlag þeirra til rannsóknarinnar og fornminjanefnd og Minjastofnun Íslands fyrir góðan styrk úr fornminjasjóði. Sérstakar þakkir til Fornleifastofnunar Íslands ses. fyrir lán á kjarnabor sem notaður var við borkjarnatöku þetta árið.

Fyrri rannsóknir

Sumarið 2015 fundust mannvistarlög við endurnýjun á drenlögnum við Árbæ. Drenskurðurinn var um metri á breidd og tveir metrar á dýpt, og um 30 metrar á lengd. Framkvæmdin leiddi þó í ljós allt að tveggja metra þykk mannvistarlög og var talið að þau teygðu sig um 14 metra suðaustur frá bænum. Greina mátti að mannvistarlögin lágu bæði yfir og undir gjóskulagi frá árinu 1500.¹

Sumarið 2016 hófst fornleifarannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* formlega og voru þá grafnir fimm könnunarskurðir og fundust mannvistarleifar frá mismunandi tímabilum í þeim öllum. Í einum þeirra komu í ljós mannvirki sem voru eldri en frá árinu 1226. Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi gjóskulög í sniði hans og greindi m.a. Miðaldalagið frá 1226 *in situ* og fyrir neðan það var að finna hlaðinn torfvegg með landnámsgjósku.²

Sumarið 2017 var svæði A opnað og var það 6 x 8 metrar að stærð. Einnig voru tekin borkjarnasýni á svæðinu, þar á meðal í hól vestan við bæjarstæðið en grunur lék á að þar væri öskuhaugur. Borkjarnasýni staðfestu það og hægt var að greina gjóskulagið K~1500 undir haugnum. Það var því ljóst að hann hefur komið til eftir eldgosíð í Kötlu um árið

¹ Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2015.

² Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2017.

1500. Um sumarið komu tvö ný mannvirki í ljós á svæði A og voru grafin upp mannvistarlög frá fyrri hluta 20. aldar til 16. aldar.³

Sumarið 2018 var fyrsta sinn sem vettvangsnámskeið í fornleifafræði við Háskóla Íslands fór fram á Árbæjarsafni og hófst þá samstarf á milli Borgarsögusafns Reykjavíkur og Háskóla Íslands um að kennsla færi fram þar næstu árin. Alls tóku 11 nemendur þátt í námskeiðinu. Uppgriftarsvæði A var stækkað 2 metra til suðurs og 4 metra til austurs og varð því 10 x 10 metrar og opnað var nýtt svæði á öskuhaugnum 6 x 9 metrar norðvestan við smiðjuna. Í sniði á nútímaskurði á svæði A kom í ljós lítið eldstæði sem var í notkun fyrir árið 1226, en ofan á því mátti sjá torfhrun með landnámsgjósku. Það ár voru einnig gerðar jarðsjármælingar á um 725 fermetra svæði.⁴

Sumarið 2019 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B ásamt því að jarðsjármælingum var fram haldið. Á svæði A var lögð áhersla á austurhluta svæðisins þar sem yngri mannvistarlög var að finna en það helsta sem kom í ljós voru 12 stoðarholur eftir timbursvið sem stóð þar á 20. öld við hátíðarhöld á Árbæjarsafni. Einnig kom í ljós torfveggur í sniði í einum lagnaskurðanna, um var að ræða strengjatorf sem innhélt einungis gjósku frá árinu 1226, en þessi samsetning af torfvegg hafði ekki fundist áður á svæðinu. Á svæði B var komið niður á óhreyfðan jarðveg á norðurhluta svæðisins og því farið að sjá fyrir botni öskuhaugsins, en þó eru eftir þykk ruslalög í austur og suðurhluta uppgriftarsvæðisins.⁵

Sumarið 2020 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B. Svæði A var stækkað um 1.5 metra til suðurs og 0.7 metra til vesturs. Einnig voru grafnir tveir könnunarskurðir við bæjarhúsin, nr. 6 og 7 til að sannreyna niðurstöður jarðsjármælinga fyrri ára. Í skurði nr. 7 kom í ljós torfbygging, sennilegast byggð eftir árið 1500, drenlagn og grjót úr hlöðu frá 19. -20 öld.⁶ Nánar um niðurstöður og samanburð á mælingagögnum er að finna í MA ritgerð eftir Ómar Val Jónasson: *Penetrating the Ancient Roots. The excavation of two new test trenches, and a comparison to ground penetrating radar data at Árbær.*

³ Sólrún Inga Traustadóttir, 2018.

⁴ Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2019.

⁵ Sólrún Inga Traustadóttir et al. 2020.

⁶ Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2021.

Sumarið 2021 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B og opnað nýtt svæði sem var kallað svæði C, var það 3.7 x 7 metrar að stærð. Svæði A var stækkað 4 x 6,3 metra til norðvesturs en austasta hluta svæðisins var lokað. Á svæði C komu í ljós leifar af dreni, grjóthleðslur og veglegur torfveggur með K~1500 gjóskunni í (sá sami og sást í í sniði á drenskurði við framkvæmdarannsóknina árið 2015). Á stækkuðu svæði A var grjótveggur á gömlu hlöðunni og fylling í grunni hennar skráður og fjarlægður að hluta. Þar sást einnig móta fyrir eldri torfvegg. Á árinu fóru fram sérgreiningar á fundasafni rannsóknarinnar og hægt er að lesa um niðurstöður þeirra í áfangaskýrslu rannsóknarinnar fyrir árið 2021.

Vettvangsrannsókn 2022

Sumarið 2022 fór fram uppgröftur á tveimur svæðum; A/C og B, og einnig voru teknir borkjarnar á þremur stöðum; 51 kjarni í og fyrir utan matjurtargarðinn (nr. 262-4) við öskuhauginn, 18 við uppistandandi fjárhús (nr.262-6) og tveir í útihúsatóft (nr. 262-127) fyrir utan túngarðinn. Svæði A var sameinað svæði C því á svæðinu í milli þeirra leynast mannvirki og mannvistarlög sem geta varpað ljósi á þróun búsetu á staðnum. Svæði B var einnig stækkað til austurs um 5 x 5 metra til þess að hafa pláss fyrir þann fjölda nemenda sem sótti námskeiðið en einnig með því markmiði að kanna hvort gripir frá 18. öld leynast þar undir sverði.

Aðferðafræði

Einingaaðferð (e. *single-context method*) var notuð við uppgröft á svæðum A/C sem og á stækkaða svæði B. Sú aðferðafræði getur verið tímafrek á vettvangi en úr verða góð og ítarleg gögn um hvert jarðlag og hvern stein sem fjarlægð eru við uppgröft. Einnig er fundarstaður og samhengi gripa skráð ítarlega. Einingaaðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er skráð sem stök eining, hvort sem um er að ræða jarðlag, byggingarhluta, holu, skurð o.s.frv. Mögulegt var að notast við einingaaðferð á stækkaða svæði B þar sem auðvelt var að greina jarðlög í sundur út frá sniði eldra svæðis B. Sá hluti svæðis B sem unnið hefur verið í síðustu ár var hins vegar áfram grafinn í sneiðum (e. *spits*) þar sem erfitt getur verið að greina á milli einsleitra móöskulaga í öskuhaugnum. Aðferðin felur í sér að ákveðin þykkt jarðlaga er fjarlægð eftir að svæðið sem um ræðir er teiknað upp eða mælt með alstöð. Í þessu tilfalli voru fjarlægðir 5-10 cm í einu. Allur jarðvegur af svæði B sem og ruslalög af svæði A/C

voru sigtuð með 7 mm sigti. Jarðlög voru handgráfin með múrskeið en efsta jarðlag á stækkun á svæði B var fjarlægt með skóflu. Hverri einingu er lýst sérstaklega á skráningarblaði, mæld upp með alstöð (skv. hnitakerfi ISN93) og ljósmynduð. Mælingum úr alstöð (TopCon PS 103) var hlaðið niður á hverjum degi í gagnagrunninn Intrasis sem heldur utan um öll gögn sem viðkoma fornleifarannsókninni. Austursnið öskuhaugsins á eldra svæði B var handteiknað og fengu nemendur þar góða æfingu í teiknun sniða. Borkjarnarannsókn var gerð á þremur svæðum innan Árbæjarsafns. Öll borkjarnasýni voru ljósmynduð og skráð á vettvangi. Haldið var skrá yfir ljósmyndir sem teknar voru á vettvangi, sem færð var á stafrænt form að vettvangsrannsókn lokinni. Einnig voru loftmyndir teknar reglulega af uppgraftarsvæðunum með flygildi, Þá voru gerðar töflur yfir einingar og gripi á stafrænu formi. Forrit sem notuð voru við úrvinnslu gagna eru Intrasis, qGIS, Inkscape, Harris Matrix Composer, Microsoft Excel og Microsoft Word.

Gengið var frá gripum og þeim pakkað samkvæmt leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um meðhöndlun gripa. Gripir voru hreinsaðir, mældir, ljósmyndaðir og skráðir í gagnagrunninn Sarp. Gripum var svo pakkað í viðeigandi umbúðir og þeim gefið safnnúmer. Grisjunarstefna rannsóknarinnar er almennt sú að allt sem telst til fornleifa skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er varðveitt en nútíma hlutir á við járnvíra, stangir, verksmiðjuframleidda nagla, múrsteina ofl. eru grisjaðir og fargað eða nýttir fyrir miðlun rannsóknarinnar. Allir gripir eru þó ávallt myndaðir vandlega áður og því eru ljósmyndir af þeim hluti af gagnasafni rannsóknarinnar.

Að uppgreftri loknum var öllum svæðum lokað þann 3. júní með plastdúkum og nýjum túnþökum. Gamlar túnþökur frá fyrra rannsóknarári voru notaðar til þess að þekja yfir mold úr uppgreftrinum sem hafði verið safnað saman á austasta hluta svæðis A/C og einnig til þess að fylla í moldarbletti sem höfðu myndast við hliðina á uppgraftarsvæðinu. Þann 13. október var svo ákveðið að moka niður moldarhaug sem safnast hafði saman við sigtun á jarðvegi á svæði B til þess að koma í veg fyrir að mold myndi blása inn í bæjarhús Árbæjar í haust- og vetrarlægðum.

Svæði A/C – Bæjarhóllinn

Svæði A/C hefur að geyma mannvistarlög og byggingar sem tilheyra mismunandi búsetustigum Árbæjar. Á þessu ári var gamla hlaðan, [5], (nr. 262-5 í fornleifaskráningu) frá 20. öld fjarlægð að mestu með gröfu, um 1.5 m djúpt grjóthrun, þar sem grjótið var allt að 60 x 50 cm að stærð. Grjótið í útveggjum hennar voru tilhoggnir. Hlaðan var um 6 x 8 metrar að stærð þegar hún var í notkun. Veggir hennar voru um þriggja metra háir samkvæmt brunabótavirðingu frá árinu 1925 og að mestu hlaðnir úr grjóti.⁷ Hlöðunnar er þó fyrst getið í brunabótavirðingu frá árinu 1909 og er hún þá skráð aðeins minni eða um 7.53 x 5.65 m (12x9 al.).⁸ Áður en hlaðan var byggð fyrir aftan fjósið var þar heygardur



Mynd 1. Nærmynd af hlöðugólfinu. Örin vísar til norðurs.

og er greint fyrst frá honum í úttekt á jörðinni sem gerð var árið 1870 þegar breytingar urðu á ábúendum staðarins.⁹ Hlaðan var niðurgrafin í gegnum 1500 gjóskuna *in situ* og hefur hún því raskað öðrum eldri mannvirkjum á bæjarhólnum, t.d. mannvirki nr. [19]. Eftir að grjóthrunið úr hlöðunni var fjarlægt komu í ljós tvö gólfteg; [20647] og [20817]. Gólfið var dökkbrúnt að lit, með fjólubláum blæ, fullt af heyi og í því voru fjölmargir bútar af tjörupappa. Gripir sem fundust í gólfinu voru m.a. lúðu öngull, gler, leirker, korktappar, járnvírar, stangir og naglar af ýmsum gerðum, margir voru verksmiðjuframleiddir. Alls

⁷ Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2003/17, Húsvirðingabók Mosfellsahrepps 1909-1932, Árbær (leigu-jörð) 1925, dags. 16. Nóvember, bls. 110.

⁸ Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. HerMos 2003/17, Húsvirðingabók Mosfellsahrepps 1909-1932, Árbær (leiguábúð) 1909, bls. 43.

⁹ Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. 1870.

eru 86 fundanúmer skráð í hlöðugólfunum tveimur, þar af meirihlutinn eða 80 í syðra gólfinu, [20647]. Út frá gripaflóru gólfanna er ljóst að hlaðan hefur ekki einungis verið notuð til þess að geyma hey, heldur hefur fólk aðhafst þar við ýmis störf og hún mögulega nýtt sem vinnurými, sérstaklega í suðurhluta hennar.



Mynd 2. Gamla hlaðan stendur bakvið (austan við) bæinn um árið 1945. Ljósmyndari: Helga Thume. Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-4932 ÞJMS.

Í Niðjatali Magnúsar Þorgilssonar (f. 1843) er greint frá því hvernig Magnús Þorgilsson, ásamt nafna sínum, Magnúsi Hanssyni, hlóð hlöðuna sem tók hátt á annað hundrað hesta af heyi. Var hún hlaðin öll úr grjóti sem var klofið sundur með fleygum. Þegar Magnús Þorgilsson kom í Árbæ rétt fyrir aldamótin 1900 var mikið af stórgrýti í túninu. Hann klauf það með fleygum og tilheyrandi tækjum. Að þessu vann hann að Árbæ mikið á haustin og vetrum þegar tíð leyfði. Síðan dró hann grjótið á sleða á hjarni á sjálfum sér ásamt öðrum manni þangað sem hann notaði það til bygginganna. Yfir kampana á hlöðudyrnunum lagði Magnús mikla dranga er voru á annan metra á lengd í stað dyratrés. Smíðina á yfirgerð hlöðunnar sá Magnús einnig um. Í niðjatalinu er greint frá því að eftir að þakið f auk af hlöðunni, [árið 1949], var veggjum hennar rutt ofan í tóftina og jafnað yfir allt.¹⁰ Þannig blasti hlöðurústin við þegar könnunarskurður 1 var grafinn árið 2016 og náði hún síðan yfir stóran hluta af svæði A/C á þessu ári uppgrafter.

Magnús Þorgilsson var fyrst skráður í Árbæ í manntali árið 1899 og síðan samfleytt næstu átta árin. Hann var talinn vinnumaður en stundum lausamaður. Magnús var smiður á tré og járn og bókbindari er hann stundaði jöfnum höndum aðra erfiðisvinnu og var talinn

¹⁰ Ingvar Pálsson. 2008, bls. 4-5.

mikill veggjahleðslumaður. Eyleifur bóndi Einarsson í Árbæ nefndi Magnús Þorgilsson jafnan Magnús betri til aðgreiningar frá nafna hans en viðurnefnið hlaut hann vegna verksnildar sinnar. Hann hlóð einnig allan túngarðinn úr grjóti að austan verðu og norðan við túnið. Hann hlóð traðirnar frá túngarði og heim að hlaðvarpa þegar þær voru fyrst byggðar um aldamótin 1900. Má sjá enn margan steininn stóran í þeim sem klofinn hefur verið með fleygum. Allar traðirnar flóraði hann með grjóti en það er nú að mestu sokkið í jörð.¹¹

Magnús byggði einnig fjárrétt á stóru klöppinni fyrir norðan túngarðinn sem er nú horfin. Réttin var sem næst sporöskjulaga og dyr á henni að vestanverðu. Mun hún hafa tekið um þrjúhundruð fjár, hlaðin úr stórgrýti að neðanverðu og veggir háir, nær fullri mannhæð og um sex feta þykkir við undirstöður en gengu að sér efst að utanverðu. Um og eftir aldamótin 1900 notuðu ferðamenn hana mikið, þegar þeir ráku fé suður til slátrunar. Einnig voru þar haldnir hestamarkaðir. Haft var eftir mönnum að þegar þeir voru komnir inn í Árbæjarréttina í vondum haustveðrum fannst þeim eins og að þeir væru komnir inn í hús því veggirnir voru svo háir að þar var alltaf skjól. Réttin stóð nokkuð fram á þriðja tug síðustu aldar.¹² Þar sem réttin var á klöppinni má nú finna grillaðstöðu fyrir safngesti Árbæjarsafns.



Mynd 3. Púkk [24]. Örin vísar í norður.

Undir hlöðugólfi norðan megin, [20817], kom í ljós mjór aflangur skurður [25325] sem liggur A-V, þvert á langveggi hlöðunnar. Hann beygir til norðurs í bæði austur – og vesturenda. Í honum var fylling, [22694], sem innihélt allskonar efni, fyrir utan grjót og lausan jarðveg, s.s. múrsteina, gaddavír og hvalbein. Þessi strúktúr hefur verið túlkaður sem púkk, [24], undirstöður fyrir vegg. Ljóst er að fólk hefur tekið það sem hendi var næst til þess að fylla upp með og nota sem undirstöður fyrir mögulegt þil eða timburvegg. Þar sem hlöðugólfið lá yfir púkkinu virðist það vera eldri en hlaðan, en óljóst hvaða mannvirki það tilheyrði. Sennilegast hefur það verið

¹¹ Ingvar Pálsson. 2008, bls. 4-5.

¹² Ingvar Pálsson. 2008, bls. 6.

fjarlægt að hluta þegar hlaðan var byggð, en svæðið umhverfis á eftir að rannsaka nánar og verður gert á næsta uppgrafarmisseri.

Undir hlöðugólfi sunnanmegin, [20647], kom í ljós mannvirki sem er að öllum líkindum frá seinni hluta miðalda, byggt eftir árið 1226 en fyrir árið 1500, út frá staðsetningu gjóskulaga á svæðinu. Efsti hluti torfveggja var mældur inn með alstöð, [24875], en mannvirkið gengur inn undir bæjarhús Árbæjar að sunnanverðu og verður rannsakað nánar vorið 2023. Því hefur verið gefið mannvirkjanúmerið [25]. Það verður mjög spenandi að komast að hlutverki hússins en vonast er til að um sé að ræða íveruhús frekar en útihús sem getur varpað ljósi á líf íbúanna í Árbæ á miðöldum. Einnig getur það gefið meiri upplýsingar um húsakynni á Íslandi frá þessum tíma en örfá miðalda mannvirki hafa verið grafinn upp hér á landi.

Torflag, [17163], var fjarlægt ofan af steinaröð [23] í SV horni á svæði A/C. Torfið var mórautt að lit, mjög lagskipt og flettist af í lögum þegar það var grafið. Það innihélt litlar birkigreinar og einnig fannst í því glerbrot. Torfið, ásamt steinaröð [23], dreni [20] og steinaröð [21] gætu tilheyrt sömu byggingu en þetta þarf að skoða nánar.

Móöskulag, [24751], með miklu magni af fiskbeinum var fjarlægt innan úr byggingu, [22], sem er staðsett nálægt austurgafli Árbæjar. Eftir að notkun byggingarinnar var hætt hefur fiskibeinum og ösku úr eldstæðum/hlóðum verið hent ofan í tóftina. Nánast ekkert er af



fiskibeinum í öskuhaugnum og því áhugavert að þeim hafi verið hent þarna en fiskibeinalagið og mannvirkið er samtíma öskuhaugnum á svæði B. Byggingin verður rannsökuð nánar á næsta ári, en hún gæti hafa verið í notkun á tímabilinu 16. - 18. öld.

Mynd 4. Torfhrun [23976] yfir móösku- og fiskibeinalagi [24751]. Steinaröð [23] er lengst til hægri á mynd. Neðst í vinstra horni sést í torfvegg í mannvirki [15]. Örin vísar í norður.



Mynd 5. Loftmynd af uppgriftarsvæði A/C eins og það leit út eftir sameiningu svæða A og C. Stóra grjótið sem liggur í röðum eru leifar af útveggjum hlöðunnar en ákveðið var að halda þeim til þess að styðja við viðkvæm jarðlög sitthvoru megin við veggina. Austasti hluti gamla svæðis A (til vinstri á mynd) er undir torfþökum til að hlífa mannvistarlögum þar en þau tilheyra eldri búsetustigum, og mynduðust fyrir árið 1500.


Svæði B - Öskuhaugur

Niðurstöður gripagreininga á fundasafni öskuhaugsins bentu til þess að það virðist vanta gripi frá 18. öld. Vegna fjölda nemenda og „eyðu“ í fundasafninu var ákveðið að stækka uppgriftarsvæðið til austurs. „Gamla svæðið“ er nánast fullgrafið þar sem jarðlög eru um 1.7 m djúp þar sem haugurinn er þykkastur. Þar sem komið var niður í botn haugsins að vestanverðu, í náttúrulegan jarðveg, var gerður könnunarskurður til að ganga úr skugga um að engin mannvist leyndist þar undir. Ljóst var að enga mannvist var þar að finna og er því uppgrefti á því svæði nú lokið.



Mynd 6. Könnunarskurður [25471] í vesturhluta á svæði B. Örin vísar í norður.

Áhersla var lögð á nýopnaða svæðið. Gripir sem fundust í öskuhaugnum þetta árið voru bæði ungir og aldnir, meðal annars bókskreyti úr málm, innsigli úr blýi, brýni, glerflöskubrot og gler úr skrautmunum, leirkersbrot úr ílátum, m.a. hvítleir, steinleirskrukkur og rauðleir úr grýtum. Einnig kljásteynar, skeifa og naglar ásamt fínri málmgripum á við hnappa, sylgjur og millur (úr blýi). Nánar er fjallað um gripina úr öskuhaugnum í kaflanum *Fundasafnið* í þessari skýrslu.



Mynd 7. Hreinteikning af austursniði í öskuhaug. Skalinn er 40 cm. Teikning: Laufey Kristjánsdóttir, nemi í fornleifafræði.



Mynd 8. Nemendur við uppgröft á svæði B. Í hægra horninu efst á mynd má sjá hvar torfinu hefur verið flett ofan af og sýnir nýstækkaða svæðið.

Borkjarnarannsókn

Teknir voru 71 borkjarni á þremur mismunandi stöðum í Árbæ; við meinta fjárhústóft (nr. 262-127), í og við gamla matjurtargarðinn (nr. 262-4) og við uppistandandi fjárhús (nr.262-6). Númerin sem gefin eru hér upp í sviga vísa í fornleifaskrá í skýrslunni *Byggðakönnun. Borgarluti 7 – Árbær*.



Mynd 9. Yfirlitskort af borkjarnatöku á þremur svæðum á Árbæjarsafni. Kortagerð: Laufey Kristjánsdóttir.


Fjárhústóft nr. 262-127

Markmið með borkjarnatöku í fjárhústóft (nr. 262-127) var að aldursgreina og ákvarða staðsetningu könnunarskurðs í tóftina en aldur hennar er óþekktur. Um fjárhústóftina segir í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur frá árinu 2017, *Byggðakönnun. Borgarluti 7 – Árbær*: „Þessi fjárhúsrúst er um 30 m norður af Prófessorsbústaðnum frá Kleppi á safnlóð Árbæjarsafns. Fjárhúsið kemur ekki fram á túnakorti, og er því trúlega frá eldri tíð.“¹³ Þar er henni jafnframt lýst á eftirfarandi veg í *Fornleifaskrá Reykjavíkur frá 1995*: „Rústin er

¹³ Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir og María Gísladóttir. 2017, bls. 101.

um 10 x 7 m að stærð og snýr í N-S. Veggir eru úr torfi og grjóti, 0,4-0,5 m háir og 1-1,5 m breiðir. Rústin samanstendur af tveimur hólfulum, A og B. Dyr eru hugsanlega á hólfi A í suður, inn í hólfi B. Í hólfi B eru dyr í vestur. Eilítið sést af steinum í gólfi hólfs B.“¹⁴

Upphaflega átti að bora kerfisbundið í tóftina en það reyndist ekki hægt sökum grjóts í veggjum og grjóthruns innan hennar. Aðeins voru því teknir tveir kjarnar, þar sem einhverjar upplýsingar komu fram annað en grjót. Fyrri kjarninn var tekinn innan tóftarinnar í eystra hólfinu (B). Þar sást endurtekin jarðlög, annað frekar sendið, sem gæti bent til þess að sandur hafi verið borinn í fjárhúsgófið til þess að þurrka það upp. Engin augljós ummerki sást um lífrænt jarðlag í gólfi. Seinni kjarninn var tekinn í vegg tóftarinnar. Þar var greinilegt grjót en 7 cm undir yfirborði sást þó augljóst svart gjóskulag, um 1 cm á þykkt sem líklega er Katla~1500. Undir gjóskulaginu sást smávegis fokmold og þar undir grjótið í tóftinni. Þessar niðurstöður gefa til kynna að tóftin sé eldri en 1500 en þó verður að staðfesta þær grunsemdir betur með könnunarskurði.



Mynd 10. Teikning af fjárhúsi nr. 262-127 úr Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995, bls. 158.

Matjurtagarður nr. 262-4

Matjurtagarðurinn er staðsettur suðvestan við bæjarhólinn í Árbæ. Í skýrslunni *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 - Árbær* er honum lýst á eftirfarandi hátt í fornleifaskrá: „Garðurinn var 17 x 17 m að stærð árið 1916. Hann var hlaðinn úr torfi og grjóti að innan en túnsniddu að utan til vesturs, suðurs, austurs og á 5 m kafla til norðurs. Garðurinn hefur verið lengdur til austurs og er í dag 17 x 27 m. Hann er grasigróinn og í honum standa reynitré.“¹⁵

Teknir voru 51 kjarni í og utan við matjurtagarðinn. Markmið með borkjarnatökunni var að finna eldri öskuhaug en þann sem tilheyrir yngri búsetu í Árbæ og er á svæði B (aldurstímabil 1500-1948). Á rannsóknarsvæðinu komu í ljós mikið af blönduðum móöskulögum og ruslalögum sem gætu annaðhvort tengst því að verið var að nota

¹⁴ Bjarni F. Einarsson. 1995, bls. 158.

¹⁵ Drífa Þrastardóttir et al. 2017, bls. 83.

móösku sem áburð í garðinn eða að matjurtargarðurinn hafi verið byggður á öðrum öskuhaug eða í jaðri hans. Ekki sást nein ummerki um torf í garðinum sjálfum og mjög lítið var um gjóskulög í borkjörnunum. Í tveimur kjörnum innan garðsins sást ummerki um torf, mögulega annar með landnámsgjóskunni. Þessir kjarnar voru hlið við hlið [S0A20] og [S3A20] og gætu því leynst einhverjar landnámsminjar á því svæði. Í kjörnum [S0A30] og [S3A30] sást greinilega leifar öskuhaugsins sem er þar rétt norðan við, (svæði B). Út frá þessum niðurstöðum tókst ekki að finna eldri öskuhaug bæjarins en möguleiki er á að þar sé annar öskuhaugur sem er stamtíða þeim á svæði B. Líkur eru á að svæðið þar sem borkjarnar [S0A20] og [S3A20] sýndu leifar af landnámstorfi og marglitu torfi verði skoðað nánar með könnunarskurðum.



Mynd 11. Á kortinu er búið að draga rauðan hring utan um borkjarna S0A20 (nær göngustíg) og S3A20 í matjurtargarðinum sem sýndu annars vegar leifar af mögulegu landnámstorfi á 51-59 cm dýpi (S0A20) og torfi á 56-58 cm dýpi (S3A20).

Fjárhús nr. 262-6

Fjárhúsin eru uppstandandi á safnalóðinni og eru staðsett við malarstíginn, um 80 metra austur frá bæjarhúsum Árbæjar. Þegar unnið var að viðgerð við fjárhúsin, árið 2020, komu í ljós mannvistarlæg undir austurvegg hússins, m.a. eldri torfveggur í NA horni og

torfleifar með $K \sim 1500$ gjósku. Markmið með borkjarnatökunni er að skoða nánar þessi mannvistlarlög, athuga dýpt þeirra, umfang og eðli.


Alls voru teknir 18 kjarnar norðan við NA horn fjárhússins. Nánast allsstaðar rakst borinn í stein í 30-40 cm dýpt en þar sem hann komst dýpra sáust ekki nein ummerki um mannvist. Mögulega er þó mannvist sunnar á svæðinu en það svæði á eftir að bora og verður lokið á næsta uppgraftermisseri.



Mynd 12. Nemendur við borkjarnarannsóknir á útihúsatóft nr. 262-127.

Fundasafnið


Allir gripir, dýrabein og sýni hafa verið skráð í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn, undir 569 fundanúmer og 39 sýnanúmer. Nokkrir fundanna teljast til magnfunda en þá geta margir gripir tilheyrt einu fundanúmeri, þetta á þó helst við dýrabein og tennur en einnig glerbrot, járn og leir. Greint er frá fjölda brota undir hverju númeri í Sarpi. Að þessu sinni var fjöldi gripa um helmingi meiri en árið áður og því hefur skráning tekið helmingi lengri tíma. Stærsti gripaflokkurinn er málmur, líkt og undanfarin ár, eða um 40% af heildarfjölda. Sjá nánari skiptingu efnisflokka í súluritinu hér fyrir neðan.



Mynd 13. Súluritið sýnir skiptingu fundanúmera eftir efnisflokkum. Ákveðið var að halda nokkrum yngri gripum því þeir gefa elsta mögulegan aldur fyrir jarðlög. Þetta eru gripir t.d. úr gúmmí, korktappar, ljósapera og tjörupappi.

Gripir


Með stækkun á uppgriftarsvæði B í öskuhaugnum fjölgaði gripum töluvert frá fyrri árum enda „gamla uppgriftarsvæðið“ nánast fullgrafið og því dýpra sem grafið er í hauginn því færri gripir. Flest allir gripirnir koma úr yfirborðslagi á nýopnaða svæðinu [18126] og næsta jarðlagi fyrir neðan, [20221], eða alls 243.



Mynd 14. Á skífuritinu má sjá að öskuhaugurinn er með 374 fundi en svæði A/C með 194 og einn gripur (krítarpípa) fannst í borkjarna í matjurtargarðinum.

Málmur

Alls voru skráð 234 fundanúmer undir efnisflokknum málmur og þar af var mest af járngripum, eða 170. Að venju finnst mest af nöglum af ýmsum gerðum (s.s. hóffjaðrir og hnoðnaglar) en einnig fundust skeifur, ljár, önglar og hnífar. Þónokkuð var af kopargripum, mest af bókskreyti en einnig sylgjur og hnappar. Fimm gripir eru úr blýi, þar af tvær millur (önnur er bókbandsmilla), prentstafur, krókur og innsigli.



Mynd 15. Skífuritið sýnir hlutfall undirefnisflokka málmis.

Kopar og blý

Meðal gripa úr koparblöndu var nokkuð magn bókskreyta, sem öll fundust í öskuhaugnum á svæði B, í jarðlagi [20221]. Þar af eru nokkur bókarspennsli og krækjumót, öll með ólíku lagi innbyrðis. Óvíst var hvort og þá hverjar af krækjunum og spennslunum pössuðu saman. Þau skiptast á 16 númer í fundaskrá en einhver þeirra eru úr sama gripnum, þetta verður skoðað nánar við lokaúrvinnslu rannsóknarinnar. Einnig fannst bókbandsmilla úr blýi með þessum brotum (sjá Mynd 16).

Bókarspennsli líkt og þau sem fundust við uppgröftinn voru mögulega smíðuð með sömu aðferð og spennsli sem fannst í Skálholtsuppgeftri Kristjáns Eldjárns, (S193).¹⁶ Athygli má vekja á því að almennt eru bókarspennsli mun algengari fundir en krækjumót, enda líklegra að leðurólin sem festa þau við bók losni af. Gæti það bent til þess að skreytunum hafi af ásetningi verið hent í hauginn, frekar en að þau hafi óvart lent þar. Má leiða líkum að því að þegar síðasti ábúandinn flutti frá Árbæ hafi farið fram tiltekt og þ.a.l. einhverjum illa förnum hlutum hennt í hauginn.



Mynd 16. Hluti af bókskreyti sem fannst á nýstækkuðu svæði í öskuhaug.

Með bókskreytinu fannst afar áhugavert innsigli úr blýi (2022-13-30) en það er með stimpli neðst sem líkist fangamarki (*e. monogram*) Skúla Magnússonar, fógeta. Sjá Mynd 18. Líklega hefur það verið í eigu einhvers annars embættismanns hér á landi og stendur leit enn yfir að hinum rétta eiganda innsiglisins.

¹⁶ Eldjárn, K., Christie, H., Steffensen, J., 1988.



Mynd 17. Innsigli úr blýi (2022-13-30) sem fannst beint undir grasrót á nýstækkuðu svæði í öskuhaugnum. Með því fannst einnig bókaskreyti úr koparblöndu.



Mynd 18. Stimpillinn á botni innsiglisins. Hann líkist stimpli Skúla Magnússonar, fógeta (sjá mynd til hægri) en leit af hinum rétta eiganda stendur enn yfir þegar þessi skýrsludrög eru skrifuð.

Leir

Alls eru 109 fundanúmer skráð undir efnisflokknum *leir*. Þar af er mest af brotum úr leirkerum, s.s. bollar, diskar og önnur ílát úr hvítleir, eldunarílát úr rauðleir, og steinleirsbrott úr smyrslabaukum. Einnig fannst nokkuð af postulíni, til að mynda nokkuð heill bolli frá 20. öld sem var framleiddur í Japan, en áður hafa fundist brott úr slíkum bolla við rannsóknina á svæði A; (2018-19-79). Einnig voru skráð krítarpípubrott undir fjögur fundarnúmer, og skiptast þau í fimm brott, eitt brottanna fannst við borkjarnatöku í matjurtagarðinum. Því hefur aðeins bæst í krítarpípusafn staðarins en Dr. Gavin Lucas hefur bent á að afar fáar krítarpípurr eru í fundasafni Árbæjar miðað við önnur fundasöfn frá sama tíma hér á landi.¹⁷ Nú eru krítarpípubrottin alls 14 sem hafa fundist í Árbæ, þar af eitt við framkvæmdareftirlit á bænum árið 2015.

¹⁷ Gavin Lucas. 2022, bls. 48.



Mynd 19. Nánast heill bolli frá 20. öld fannst í grjóthruni hlöðunnar.



Mynd 20. Grýtubrot úr rauðleir, fannst í öskuhaugnum í jarðlagi [20221].

Gler

Alls eru 98 fundanúmer undir efnisflokknum *gler*, þar af er töluvert magn af fól-grænleitu og glæru rúðugleri. Nokkrir heilir flöskubotnar fundust í jarðlagi [20221], í öskuhaugnum á svæði B, og voru þeir allir með stangarmarki (e. *pontil mark*), en framleiðsla glerflaskna með aðferð sem myndaði slík för hætti að mestu leyti eftir 1860.¹⁸ Eitt litríkt gler úr skrautdisk (2022-13-1) fannst í öskuhaug í yfirborðslagi, [18126]. Á því má sjá fjaðrir úr páfugli og líkist það skrautmunum frá Northwood Glass Company í Bandaríkjunum sem framleiddi listmuni úr gleri á tímabilinu 1887-1925. Sjá nánar Mynd 21 og Mynd 22 á næstu blaðsíðu.

¹⁸ Society for Historical Archaeology 2022.



Mynd 21. Blátt, sanserað glerbrot úr skrautdisk, eða öðru íláti, fannst í öskuhaugnum. Gripurinn hefur verið framleiddur af Northwood Glass Company í Bandaríkjunum sem framleiddi listmuni úr gleri á tímabilinu 1887-1925.



Mynd 22. Glerbrot (2022-13-1) gæti verið úr þessum disk eða samskonar frá Northwood Glass Company. Mynd tekin af veraldarvefnum, [hér](#).

Steinn

Undir efnisflokknum *steinn* eru skráð 29 fundanúmerið þetta árið en nokkur þeirra teljast til magnfunda og heildartala steina eða steinbrota því um 60 talsins og vega þeir ~4,7 kg. Þar á meðal eru sjö innflutt brýnisbrot og 24 kolamolar, ein lábörð innlend hrafntinna, einn hugsanlegur strausteinn, eitt sleggjubrot, átta hugsanleg lóð og tvö jaspisbrot. Lokið hefur verið greiningar á öllum steinum í fundasafni rannsóknarinnar frá upphafi og samtals telur steinasafnið í Árbæ nú 288 steina (~33 kg). Þar af er mest af eldsneyti (steinkol) tæplega 25%, fast á eftir eru brýni, um 22%.¹⁹ Ítarleg greining á steinasafninu er að finna í *Viðauka I* í þessari skýrslu eftir Sólveigu Guðmundsdóttir Beck.

Annað

Nokkuð fannst af korktöppum, bæði á svæðum A/C og B en fjórir fundust í gólfi hlöðunnar, [29647]. Einnig fundust leifar af vefnaði, óunnu hári eða ull, leðri og tjörupappa í gólfi hlöðunnar.

¹⁹ Sólveig G. Beck, 2022.

Dýrabein

Undir efnisflokknum bein voru skráð alls 70 fundanúmer. Allt eru þetta dýrabein úr húsdyrum, fiskum og fuglum. Var nokkuð um stóra magnfundi að ræða, svo sem fiskbein í ruslalagi, [24751], á svæði A/C. Á svæði A/C, í fyllingu [22694], fannst einnig hvalbein og höfuðkúpa af dýri. Á svæði B fannst nokkuð af stórgripabeinum í öskuhaug, ásamt því var gríðarlegt magn brenndra beina sigtað úr öskuhaugnum (Mynd 23).



Mynd 23. Sýnishorn af brenndum beinum úr öskuhaugnum á svæði B.

Sýni


Alls voru skráð 39 sýni í Sarp. Þar af er mest af gjalli, en áður hefur hluti af gjallinu verið skráður sem fundur í Sarpi og er því gjall skráð í fundaskrárannsóknarinnar til þessa. Í sýnaskránni eru nokkur kola- og viðarsýni, ásamt steinkolum og jarðvegsýni úr hlöðugólfi og fiskibeina- og móösku lagi.

Gjall

Heildarmagn gjalls og eldsneytishroða árið 2021 eru um 440 brot, sem samtals vega 2,26 kg.

Í safninu er ein mjög falleg afdella (hearth bottom), (2022-13-361), úr öskuhaug B, [20221]. Í ár er annars lítið sem ekkert annað eiginlegt járnvinslugjall fyrir utan brot S362 sem gæti verið hluti af afdellu (um 4x4 cm og 1,4 cm þykkur moli), en molinn sýnir ekki nógu skýr einkenni til að fullyrða það. Þessi moli er þó eini fundurinn í ár sem sýnir greinileg ummerki um afsteypur af viðarkolum sem gefur sterklega til kynna nálægð við smiðjuafli.

Nánari umfjöllum um greiningar á gjalli er að finna í *Viðauka II* í þessari skýrslu eftir Sólveigu Guðmundsdóttir Beck.



Mynd 24. Afdella (2022-13-361) úr járnvinnsluofni sem fannst í öskuhaugnum.

Miðlun rannsóknar

Hluti fornleifarannsóknarinnar í Árbæ snýr að samfélagsmiðaðri fornleifafræði (*e. community-based archaeology*) þar sem markmiðið er í stuttu máli að miðla og fræða almenning um rannsóknina og fornleifafræði með fjölbreyttum hætti. Einnig að skapa góðan og þægilegan vettvang þar sem fólk getur komið skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri til sérfræðinga.

Leiðsögn fór fram þann 20. júlí og mættu um 60 gestir. Gengið var um safnasvæðið og stoppað við fornleifar og uppgraftarsvæði. Einnig voru gripir skoðaðir og leiðsögnin endaði á sýningu um rannsóknina sem er í safnhúsinu, Landakoti, og var opnuð árið 2020. Í íþróttasalnum við hliðina á sýningarýminu var boðið upp á drykki, kleinur og kek. Þátttakendur voru hvattir til þess að taka þátt í könnun sem miðar að því að íbúar í Árbæ og aðrir sem hafa áhuga geti komið sínum spurningum á framfæri sem rannsóknin mun síðan leitast við að svara. Ekki voru margir sem svöruðu spurningalistanum en reynslan er sú að minni hópar henta betur til þess, en eins og kom fram hér að ofan mættu um 60 gestir í leiðsögnina og er það metfjöldi í fornleifaleiðsögn um Fornar rætur Árbæjar síðan frá upphafi.



Mynd 25. Úr leiðsögninni 20.júlí: Skrafað við gesti um jarðlög og gripir í öskuhaugnum.



Mynd 26. Úr leiðsögninni 20. júlí: Staldráð við traðirnar og sagt frá sögu Árbæjar og bent á helstu fornleifar inn á safnsvæðinu.

Árbæjarsafn varð 65 ára á árinu og í tilefni af því voru mikil hátíðarhöld þann 14. ágúst á safninu. Þar fræddi Sigurlaugur Ingólfsson, starfsmaður safnsins og MA nemi í fornleifafraeði, safngesti um fornleifarnar sem komið hafa í ljós við rannsóknina. Einnig fylgdi safnstjórinn, Guðbrandur Benediktsson, gestum um svæðið og sagði frá sögu Árbæjar og Árbæjarsafns.

Rannsóknin heldur úti *Facebook* síðunni Fornar rætur Árbæjar og hægt er að fylgja innslögum fornleifafraeðinga og nemenda á Instagram undir myllumerkinu #fornarraetur.

Yfir haustmánuði var unnið að nýju útiskilti um rannsóknina en höfundar skiltisins eru Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. Grafíski hönnuðurinn Phoebe Jenkins hannaði útlit eftir skiltahandbók Árbæjarsafns og Bræðurnir Baldursson prentuðu skiltið og settu upp. Það er nú staðsett við göngustíginn, á svæði A/C, norðaustan við bæjarhúsin, sjá Mynd 27.



Mynd 27. Nýtt útiskilti um rannsóknina er við göngustíginn, suðaustan við bæjarhús Árbæjar.

A brief English summary

Open excavation was carried out at Árbær farm mound in Reykjavík May 4th - June 3rd 2022. The farm mound is located within the Árbær Open-Air Museum. Six archaeologists and 17 students took part in the fieldwork. The field course in archaeology (FOR406) of the University of Iceland has been an annual event at Árbær since 2018. The goal for the year 2022 was to excavate the same areas as past years; area A (east of the Árbær farmhouse), where remains of structures from approx. 10th-20th centuries have been found and area B (next to the smithy in the museum area) where the midden is situated. The midden was in use from the year 1500 until the farm was abandoned in 1948.

Area A was merged with area C (opened last year) and stone rubble from a 20th century barn was removed with a bulldozer about 1.5 meters deep. The barn was 6x8 m in size when it was in use with 3 m high stonewalls. It was cut through the 1500 tephra in situ. Floor deposits belonging to the barn were recorded and excavated. The floor contained

objects like fish hooks, pottery, glass, iron rods and nails of various sorts. Below the barn a turf building came to light, dated approx. to 13-14th century with tephrochronology. The structure will be examined further in the next field season. Peatash deposit containing a large amount of fishbones was recorded and excavated. The peatash was located within and above a turf structure, which appears to have been used as a dumping ground after the building was no longer in use. The midden, which is contemporary with the structure and the peatash, contains very little amount of fishbones so it is quite interesting to see that this is where the inhabitants dumped some of their domestic waste. Results of finds analysis is that the assemblage from the midden seems to be missing artifacts from the 18th century and because of this "time void" (and large number of students) it was decided to extend the excavation area further east. The "old area" is almost fully excavated. The archaeological deposits are approx. 1.7 m thick. Artifacts from the midden this year were therefor both from early stages of habitation as well as from the latest stage of the farm (19th-20th century). Amongst the finds were copper book decoration, a stamp with a royal seal, whetstones, glass and pottery fragments, such as whiteware & redware vessels and stoneware jugs. Other finds were loom weights, iron nails, horse shoe and finer objects, such as metal buttons, buckles and one clothing ornament, made of led, called "mylla".

Coring was conducted in 3 different areas within the Árbær Open Air Museum; 1) alleged sheepshed, 2) kitchen garden, 3) around the sheep house. The sheepshed (1) is possibly from before 1500 but this dating needs to be confirmed with a test trench. In and around the garden (2) peatash deposit were found which might have been spread there in the purpose of fertilize the garden. Turf debris with settlement tephra were found in two parallel cores within the boundary of the garden, which is an indication of settlement remains. The core hit stone in most cases in area 3 (sheep house) and coring was not finished in this area and will be examined further next year.

Heimildaskrá

Útgefið efni

- Bjarni F. Einarsson. 1995. *Fornleifaskrá Reykjavíkur. Skýrsla 45*. Reykjavík. Árbæjarsafn.
- Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir. 2017. *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær. Skýrsla nr. 183*. Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Eldjárn, K., Christie, H., Steffensen, J. (1988). Skálholt. *Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Reykjavík. Lögberg.
- Gavin Lucas. 2022. *Artefacts from Árbær. Birtist í Viðauki I - Gripir frá Árbæ. Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Skýrsla nr. 219. Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (ritstj.). Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. bindi. 1923-1924. Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna lísa Guðmundsdóttir. 2015. *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfssdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda, Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius. (2020). *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn Áfangaskýrsla 2019*. Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson og Ögn Þórarinsdóttir. 2021. *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020*. Skýrsla nr. 213. Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur.
- Sólveig G. Beck. Birtist í *Viðauki II - Árbær, járnvinnslu- og eldsneytisleifar. Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Skýrsla nr. 219. Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (ritstj.). Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Óprentaðar/Óútgefnar heimildir

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. Húsvirðingabók Mosfellshrepps 1909-1932.

Brunavirðing 1909, (án dags.). Árbær (leiguábúð), bls. 43.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. Húsvirðingabók Mosfellshrepps 1909-1932.

Brunavirðing 1925, 16.nóvember. Árbær (leigujörð), bls. 110.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. 1870. Úttekt, Árbær, dags. 26 október.

Ingvar Pálsson. 2008 (desember). *Niðjatal Magnúsar Þorgilssonar*.

Vefsíður

Höfundur ókunnur. 2022. *Society for historical Archaeology: Pontil Marks or Scars*. Sótt

14.12.2022 á: https://sha.org/bottle/pontil_scars.htm

Viðauki I: Steinagreiningar - Sólveig G. Beck

Árbær – Steinagreiningar desember 2021-2022


Sólveig G. Beck

Í enda árs 2021 hafði um 225 steinum og steinabrotum verið safnað í Árbæ sem samtals vege rétt rúmlega 28 kg og eru þetta að mestu almennar og vel þekktar gripategundir bæði innlendar og erlendar. Með helstu innfluttu fundum eru t.d. um 60 brýnisbrot, ellefu eldtinnusteinar (flint) og steinkol (48 brot), og af íslenskum fundum t.d. þrjú vikurbrot, ein kvarnarsteinn, ein kola, fjögur sleggjubrot, sextán lóð og tveir lábarðir hrafntinnusteinar.

Í ár 2022 bættust við rétt yfir 60 steinar (~4,7 kg), þar á meðal sjö innflutt brýnisbrot og 24 kolamolar, ein lóbörð innlend hrafntinna, einn hugsanlegur strautsteinn, eitt sleggjubrot, átta hugsanleg lóð og tvö jaspisbrot. Þessum fundum hefur verið fléttað inn í almenna yfirlitið hér að neðan (Mynd 1; Tafla 1). Samtals telur því steinasafnið í Árbæ nú 288 steina (~33 kg).

Steintegundir voru greindar í víðsjá og valdir fundir efnagreindir með Thermo Niton XL5 pXRF tæki²⁰ í eigu Háskóla Íslands. Lesendur athugi að þessar efnagreiningar eru til bráðabirgða og einungis til almennar leiðbeiningar um efnisinnihald, bergtegundir og hugsanlegan uppruna gripa. Gerðfræði kvarnarsteina var skráð sérstaklega með aðferðum Sólveigar G. Beck (2019), sleggjur með aðferðum Ármanns Dan Árnasonar (2018) og brýni eftir Sigríð Cecilie Juel Hansen (2009). Aðeins steinfundir númer 2017-17-068, 2018-19-264, 2018-19-367 og 2020-37-074 hafa ekki verið ekki greindir.

²⁰ Handheld, XRF= flúrljómunargreining með röntgengeislum



Mynd 1. Yfirlit yfir fjöldadreifingu steinafunda í Árbæ um áramót 2022 (sjá töflu 1).


Tafla 1. Samantekt á helstu tegundum funda í Árbæ á svæðum A, B og C, hráefnisvali, magni og uppruna.

Tegundir funda	Efni	Fjöldi 2021	Fjöldi 2022	Þyngd (kg)	Uppruni	Tímabil
Brýni A	Mica schist	56	7	2,6	Noregur og Bandaríkin (?)	Fyrir miðja 20. öld
Brýni B	Sandsteinn	2	0	0,2	Svíþjóð?	Fyrir byrjun 18. aldar
Brýni C (?)	Sendinn siltsteinn	3	0	0,07	Óljós, innlent?	19.-20. öld
Eldsneyti	Steinkol	48	24	0,26	Bretland eða meginland Evrópu	19.-20. öld líklegast
Eldsláttusteinar I	Tinna (flint), blandað ljósgrátt til svart	11	0	0,23	Danmörk, Bretland eða meginland Evrópu	Fyrir miðja 20. öld
Eldsláttusteinar II (?)	Jaspis/ópall, brún- og dökkvínrauður til fjólublár	6	2	0,11	Ísland	Fyrir miðja 20. öld
Hrafninna	lábarin, óunnin	2	1	0,02	Ísland, Úlfarsá/Elliðaá?	Fyrir miðja 20. öld
Skrautsteinar	Lábarnir, fallega rúnaðir kvars- og suðusteinar	10	1	0,1	Ísland	Fyrir miðja 20. öld
Sleggjur	Dólerít, dílótt, að mestu finblöðrótt	4	1	3,8	Ísland	Fyrir miðja 20. öld
Lóð	Basalt og dólerít, massíft til blöðrótt, dul- til fínkornótt, lítið um díla, lábarið	16	8	4,43	Ísland	Fyrir miðja 20. öld
Kvarnarsteinar	Þóleít, blöðrótt og dílótt (pXRF)	1	0	4,94	Ísland	19.-20. öld líklegast
Kolur	Basalt, blöðrótt og dílótt	1	0	0,86	Ísland	17. til snemma á 18. öld
Boltasteinar	Stórir og vel rúnaðir, lábarðir, dólerít og íslandít.	3	1	1,12	Ísland	19.-20. öld líklegast
Skrúbbur/pússusteinn	Vikur; 2 ljós, 1 svartur	3	0	0,09	Ísland, líklega Hekla og Reykjanes	Fyrir miðja 20. öld
Annað I	Sérstakar steintegundir (efnaset), óvenjuleg brot án skýrra ummerkja um notkun	16	3	0,5	Ísland	Fyrir miðja 20. öld
Annað II	Storkuberg (basalt, dólerít, íslandít), eldsprengdir steinar og óvenjuleg brot án skýrra ummerkja um notkun	43	15	13,6	Ísland	Fyrir miðja 20. öld
Samtals:		225	63	32,93		

*Til að forðast rugling í fornleifafraðilegu samhengi er hér mælt með að *schist* sé kallað skífuberg og *slate* kallað flöguberg.

Brýni

Fundist hafa 70 brýnisbrot og efni sem vege samtals um 2,8 kg og þau eru öll mjög vel nýtt. Safnið er nokkuð brotkennt (Mynd 2) því aðeins fimm brýni (7%) eru nokkuð heil á meðan flest önnur brot eru endabrot (43%), miðja (12%), eða endi og miðja (12%). Um 26% safns eru óskilgreinar flögur og flagnað yfirborð.



Mynd 2. Ástand brýna í Árbæ, vel nýtt brýni.

Aðeins þrjú brot eru úr setbergi, þ.e. kvarsríkum sandsteini og mjúku grófu setbergi, á meðan öll hin eru líklega að minnsta kosti sex mismunandi afbrigði af skífubergi (schist) sem flokkuð voru eftir lit, kornastærð og textúr. Valin brýnisbrot úr hverjum hópi voru efnagreind með pXRF og má sjá niðurstöður í Töflu 2 og Mynd 4 hér að neðan (sjá einnig Töflu V1 í viðauka). Sandsteinsbrýni 2019-36-252 og 2021-20-086 gætu verið endurnýtt efni úr hverfisteinum, hugsanlega frá Svíþjóð. Brot 2019-36-255 og 2019-36-130 eru mjög líklega frá Mostadmarka í Noregi, á meðan önnur




Mynd 3. Leggjarhauslaga brýnisendi 2020-37-016. Bil milli strika 1 mm.


eru flest hugsanlega frá Hardanger og/eða Telemark, en frekari efnagreininga er þörf til þess að staðfesta þetta með nákvæmari hætti. Eitt brýni gæti hugsanlega verið amerískt eða evrópskt (2021-20-069). Tveir brýnisendar eru þykkir og leggjarhauslaga (2018-19-140 gráhvítur og 2020-37-016 ljósgrár; Mynd 3), og þrjú brýni eru með greinilegt gat fyrir þveng (suspension hole, Mynd 10); tvö gráhvít (2018-19-148; 2019-36-097) frá 17.-20. öld, og eitt grátt og lagskipt (2020-37-166) eldra en 17. öld. Eitt brot 2020-37-154 gæti verið endi á

óunnum/ónýttum hráefnisstaut úr skífubergi (blank). Þau eru hugsanlega öll frá Hardanger, fyrir utan 2020-37-016 sem gæti einnig verið frá Telemark.


A



B



C



Mynd 4. Samanburður á þyngdarprósentum oxíða magnesíum, kísils, áls, járns, títans og mangans (MgO , SiO_2 , Al_2O_3 , Fe_2O_3 , TiO_2 og MnO) í Árbæjarbrýnum 2021-2022. Niðurstöður voru bornar saman við efnagreiningar á nokkrum norskum brýnum og hráefni birt af Baug et al. árið 2019. Litaskiptingu og grófar niðurstöður má sjá í töflu 2. Athugið að greiningar á efnivið í norskum námum eru fáar og ekki hafa verið gefnar út slíkar mælingar t.d. á bandarískum brýnum úr skífubergi sem flutt voru inn til Íslands í lok 19. og byrjun 20. aldar.


Tafla 2. Hugsanlegur uppruni nokkurra brýnisbrota út frá pXRF mælingum með Thermo Niton XL borið saman við mælingar Baug et al. (2019).

Fundanúmer	Yfirborð mæld	Lýsing	Fasi	Uppruni	Litir á mynd 4
2019-36-255	Fresh fracture	Very dark bluish gray	17. öld/byrjun 18. aldar	Mostadmarka (Soknedal?)	Dökkblár (dark blue)
2019-36-130	Fresh fracture	Dark gray	17. öld/byrjun 18. aldar	Hardanger?	Svartur (black)
2018-19-134	Grinding surface	Dark gray, quartz rich	17. öld/byrjun 18. aldar	Hardanger?	Svartur (black)
2018-19-173-1	Center, fresh, larger fragment	Dark gray/laminated	17. öld/byrjun 18. aldar	Hardanger?	Svartur (black)
2019-36-250	Fresh surface	Grayish white	17. öld/byrjun 18. aldar	Hardanger?	Grár (gray)
2018-19-140	Center, fresh	Grayish white	17. öld/byrjun 18. aldar	Hardanger?	Grár (gray)
2018-19-146	Fresh fracture	Grayish white	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger?	Grár (gray)
2018-19-148	Side chipped	Grayish white	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger?	Grár (gray)
2018-19-151	Center, fresh	Grayish white	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger?	Grár (gray)
2018-19-162	Flaked fresh surface	Grayish white	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger?	Grár (gray)
2019-36-138	Fresh fracture	Gray	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger/Telemark?	Fjólublár (purple)
2019-36-283	Flaked fresh surface	Light gray	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger/Telemark?	Fjólublár (purple)
2020-37-016	Grinding surface	Light gray to gray	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger/Telemark?	Fjólublár (purple)
2020-37-292	Fresh surface	Light gray	Nd, lausafundur	Hardanger/Telemark?	Fjólublár (purple)
2018-19-173-2	Center, fresh	Light gray to gray	17. öld/byrjun 18. aldar	Hardanger/Telemark?	Fjólublár (purple)
2018-19-217	Grinding surface	Light to dark gray, laminar	17. öld/byrjun 18. aldar	Hardanger/Telemark?	Fjólublár (purple)
2020-37-029	Fresh surface	Silvery gray	13. til 16. öld	Hardanger?	Grænn (green)
2020-37-079	Fresh fracture	Silvery gray	Um eða eftir 1500	Hardanger?	Grænn (green)

Fundanúmer	Yfirborð mæld	Lýsing	Fasi	Uppruni	Litir á mynd 4
2020-37-154	Fresh fracture	Silvery gray	Um eða eftir 1500	Hardanger?	Grænn (green)
2020-37-160	Fresh surface	Silvery gray	13. til 16. öld	Hardanger?	Grænn (green)
2020-37-167	Fresh surface	Silvery gray	Lok 19./byrjun 20. aldar	Hardanger?	Grænn (green)
2021-20-049	Fresh surface	Silvery gray	Fyrir 17. öld?	Hardanger?	Grænn (green)
2020-37-156	Fresh fracture	Silvery greenishgray	17. öld/byrjun 18. aldar	Norskur?	Appelsínugulur (orange)
2021-20-069	Grinding surface	Silvery gray, flaky	Lok 19./byrjun 20. aldar?	Amerískur?	Gulur (yellow)
2022-13-006	Fresh surface	Gray, starry lustre	19.-20. öld	Hardanger?	Fjólublár (purple)
2022-13-007	Fresh surface	Silvery gray	19.-20. öld	Hardanger?	Grænn (green)
2022-13-185	Fresh surface	Gray, fine grained	19.-20. öld	Hardanger/Telemark?	Fjólublár (purple)
2022-13-059	Grinding surface	Grayish white	19.-20. öld	Hardanger/Telemark?	Grár (gray)
2022-13-033	Fresh surface	Pale gray, to grayish white	19.-20. öld	Hardanger?	Grár (gray)
2022-13-058	Fresh surface	Grayish white to pale gray, glassy, starry lustre	19.-20. öld	Hardanger/Telemark?	Grár (gray)
2022-13-064	Grinding surface	Grayish white	19.-20. öld	Hardanger/Telemark?	Grár (gray)

Setberg

Tvö brot (2019-36-252 og 2021-20-086) eru bæði kvarsríkur sandsteinn en þau eru líklega ekki úr sömu jarðmyndun (Mynd 5) og gætu því jafnvel verið frá tveim mismunandi stöðum, en líklegasti uppruni er Svíþjóð. Þessi brot gætu verið endurunnin úr brotnum hverfisteinum en engin greinileg ummerki má sjá um slíkt á þessum brotum. Brýnisendi 252 úr jarðlagi frá 17. öld til snemma á 18. öld. Á meðan endabrot 86 er nokkuð stærra og grófara og gæti verið eldra.



Mynd 5. Efra brot 2019-36-252 og neðra brot 2021-20-086 af kvarsríkum sandsteini úr jarðlögum í Árbæ sem eru líklega eldri en frá byrjun 18. aldar. Ljósmyndir af textúr eru báðar um 4,5 mm á breidd.



Mynd 6. Hugsanlegt brýnisbrot úr setbergi (66,5 gr, ~11,5x2,3x1,7 cm). Uppruni óljós.

Annað hugsanlegt brýni er samansett úr þremur brotum (nr. 2018-19-177 og 2020-37-080) sem saman eru um 11,5 cm á lengdina og eru þau öll tímasett til loka 19. aldar/byrjun þeirrar 20. (Mynd 6). Efniviðurinn er gróft, mjúkt setberg með óþekktan uppruna og er fundurinn vel þússaður á tveimur hliðum, en þó hefur þetta líklega verið lélegt brýnisefni.

Skífuberg (schist)

Mostadmarka, Noregi

Eitt brýnisbrot 2019-36-255 er mjög fínkornótt, dökkblágrátt skífuberg (Mynd 7) sem líklega kemur frá Mostadmarka í Noregi, þó Soknedal sé ekki alveg útilokaður heldur. Einnig er mjög líklegt að brot 2019-36-130 sé einnig frá þessu svæði út frá lit, kornastærð og textúr. Bæði brotin eru af svæði B úr lögum frá 17. öld fram á byrjun á 18. aldar.




Mynd 7. Brýnisbrot mjög líklega frá Mostadmarka í Noregi (eða Soknedal?; bil milli strika 1 mm). Ljósmynd af textúr er 4,5 mm á breidd.


Hardanger og/eða Telemark?

Árið 2021 fundust ellefu brýnisfundir úr silfurgráu skífubergi (2018-19-173, 2018-19-217 (Mynd 8), 2019-36-136, 2019-36-138, 2019-36-141, 2019-36-283, 2020-37-016, 2020-37-034, 2020-37-066, 2020-37-290, 2020-37-292) sem gætu huganlega verið frá Hardanger eða Telemark í Noregi út frá efnagreiningum. Á meðan tólf fundir af svipuðu silfurgráu skífubergi virðast líklegri til að vera frá Hardanger samkvæmt efnagreiningum og útliti (finds 2018-19-134, 2018-19-316, 2019-36-130, 2019-36-274, 2020-37-029, 2020-37-033, 2020-37-079, 2020-37-154 (Mynd 9), 2020-37-160, 2020-37-166, 2020-37-167, 2021-20-049). Fimmtán gráhvít brýnisbrot (2018-19-055, 2018-19-062, 2018-19-140, 2018-19-146, 2018-19-151, 2020-37-049, 2018-19-162, 2018-19-172, 2018-19-337, 2019-36-097 (Mynd 10), 2019-36-245, 2019-36-250, 2020-37-061, 2020-37-162, 2020-37-163) virðast samkvæmt efnagreiningum einnig vera hugsanlega frá Hardanger þó þau líti nokkuð öðruvísi út bæði í lit


og textúr, en meirihluti þeirra fannst í jarðlögum líklega mynduðum eftir miðja 19. öld. Bæði gráhvít og silfurgrá skífubrýni finnast þó í lögum í Árbæ aftur á miðaldir (t.d. brot 2020-37-029, 2020-37-079, 2020-37-154 og 2020-37-160 til 163). Á árinu 2022 hafa bæst við sjö, mjög svipuð brýnisbrot (2022-13-006-007, -033, -058-59, -064 og 185), fínkornótt, silfurgrá til gráhvít efst úr öskuhaug á svæði B frá 19.-20. öld. Út frá pXRF efnagreiningum eru þau einnig líklegust til að vera frá Hardanger eða Telemark. Athugið þó að þetta er mjög gróf og órugg skipting á þessum tímamarki þar sem engar efnagreiningar brýnistegunda úr skífubergi frá Ameríku eða meginlandi Evrópu hafa verið greindar svo vitað sé og norsk sýni sem hafa verið greind eru mjög fá (Mynd 4). Þó eru efnagreiningar greinilega nokkuð ólíkar birtri efnasamsetningu brýna frá Telemark (Eidsborg) sem gerðar hafa verið af Baug et al. (2019).



Mynd 8. Brýni 2018-19-217, fínkornótt, silfurgrátt og óljóst lagskipt. Hugsanlega frá Hardanger eða Telemark í Noregi. Þetta brýni er úr jarðlögum frá 17.öld/snemma á 18. öld og því ólíklegt að um t.d. amerískt brýni sé að ræða (bil milli strika 1 mm). Ljósmynd af textúr er um 4,5 mm á breidd en aðeins var í þessu tilviki hægt að taka mynd af máðu yfirborði brýnisins



Mynd 9. Brýnisbrot 2020-37-154 líklega frá Hardanger, fínkornótt, glitrandi silfur grátt schist (bil milli strika er 1 mm). Brotið er líkega partur af óunnum hraefnisstaut (blank) um 8x4x3 cm sem virðist hafa brunnið/verið brenndur á yfirborði. Ljósmynd af textúr er um 4,5 mm breið.



Mynd 10. Gráhvítt brýnisbrot 2019-36-097 með gati fyrir þveng (suspension hole) sem samkvæmt efnagreiningum gæti verið frá Hardanger (bil milli strika 1 mm). Ljósmynd af textúr er um 4.5mm breið.

Eitt brot 2020-37-156 (Mynd 11) er silfurgrátt með mun greinleitari blæ og fylgir ekki eins greinilega efnasamsetningu annarra brýna sem hugsanlega eru frá Hardanger (appelsínugulur á Mynd 4). Þar sem það fannst í lögum frá 17. til byrjun 18. aldar er þó ólíklegt að um sé að ræða brýni annarstaðar en frá Noregi, en nákvæmari staðseting en það er óljós.



Mynd 11. Silfurgrængrátt skífuberg af svæði B frá 17. fram á 18. öld. Líklega norskt brýni en fylgir þó ekki eins vel efnasamsetningu bergs frá Hardanger (appelsínugulur á Mynd 4). Ljósmynd af textúr er um 4,5 mm á breidd (bil milli strika 1 mm).

Amerískt eða Evrópskt brýni?

Með áhugaverðari brýnum er fundur 2021-20-069 sem er eina brýnið sem til þessa hefur fundist á svæði C og eitt af þeim fáu sem hafa varðveist heil. Samkvæmt efnagreiningum er efniviðurinn frekar líkur samsetningu norskra brýna (gulur á Mynd 4) en brýnið er þó allt

öðruvísi en önnur brýni sem fundist hafa á svæðinu. Efniviður er grófari í kornastærð, mun lausari í sér, blaðlaga (flaky) og er líklega hægt að kalla skífubergið kvars bítít skífu (quartz biotite schist; Mynd 12). Brýnið fannst í lögum sem eru líklega frá seinni hluta 19. aldar eða seinna svo ekki er útilokað að hér sé um lélegt amerískt eða evrópskt brýni að ræða.



Mynd 12. Brýni 2021-20-069 af svæði C (bil milli strika 1 mm), ljósmynd af textúr er um 4,5 mm á breidd.

Eldsneyti og eldfæri

Steinkol

Fundist hafa um 70 steinkolsbrot (~260 gr). Þau eru um 4 gr að þyngd að meðaltali (1-8 gr). Allt eru þetta smá og léleg brot, mjög líklega frá 19.-20. öld.

Eldsláttusteinar I (tinna) og II (íslenskur ópall/jaspis)

Magn innfluttrar eldtinnu er líklega um 11 brot sem vega um 231 gr. Tinnan er öll gráleit, nokkuð blönduð að lit, frá gráhvítum yfir í svargráan (Mynd 13). Öll brotin eru frekar lítil og þunn og hafa hvassar eða grófar brúnir, en fá brot sýna greinileg ummerki um höggfór við brúnir fyrir utan t.d. flögur 2017-17-100 (Mynd 13, til hægri) og 2019-36-123. Átta, hvass-




Mynd 13. Til vinstri er svargr þunn tinnuflaga 2020-37-009, sem snir greinileg ummerki um lifverur sem fest hafa  tinnunni, þessi flaga gæti hafa flsast af sterra tinnubroti við notkun. Fyrir miðju er greinilega mtuð eldtinnuflaga 2017-17-100 sem lkist rltið byssutinnu  laginu, og til hægri greinileg ummerki um hggsr  brn tinnubrots 2018-19-149 (bil milli strika 1 mm).

bryndar flgur (103 gr) af innlendum pal- og/eða jaspisbrotum sem sna engin ummerki um ađ vera lbarin hafa einnig fundist, en þau eru efniviður sem lklega hefur lka þjnað sem eldtinna. Þau eru ll brnrauð til dkkvnrauð  litinn og gegns, en ltið er um greinileg ummerki um ađ þau hafi verið notuð sem eldslttusteinar (Mynd 14). Ekki er tilokað ađ eitthvað af þessum brotum gæti lka verið innflutt tinna þar sem hn getur verið margskonar  litinn, fr því ađ vera bleik og ljsrauð, yfir  gula, karamellubrna, og svo grleita, lkt og hr ađ ofan. Ekki var hgt ađ ađskilja efniviðinn  skran htt með pXRF efnagreningum.

Skrautsteinar

Skrðir voru ellefu skraut- eða vasasteinar (um 99 gr), þ.e. unnar holufyllingar og lbarðir steinar, sem voru flestir af svæði B. Um er ađ ræða tegundir eins og agat (Mynd 14 til hægri) og kalsedn, brnrauðan jaspis (lbarinn), suðusteina (zeolite) og tvær vlur af rauðum sandstein (lklega oxuð, samlmd gjska). Engir þeirra eru neitt srlega fallegir eða vel slpaðir og engin greinileg ummerki eru um nytingu eða merkingar  þeim.







Mynd 14. Til vinstri flaga 2018-19-153, fallega rauð og glansandi kvarssteind sem líklega myndi flokkast sem ópall. Fyrir miðju, fundur 2019-36-135 er fjóluvínrauður, mattur jaspis. Til hægri er lábarin agat holufylling 2017-17-103 (bil milli strika er 1 mm).

Hrafninna

Þrjár lábarðar hrafninnuvölur (2021-20-078, 2021-20-182 og 2022-13-069), sem eru 2-3 gr og 8,6 gr að þyngd, gætu einnig flokkast sem skraut- eða vasasteinar (Mynd 15) en þær fá hér sinn eigin kafla þar sem þær voru efnagreindar með pXRF og niðurstöður bornar saman við mælingar Hughes og Lucas (2009; Tafla 3 og Mynd 17) á snefilefnum Rb, Sr, Y, Zr, Nb og Ba. Völnar hafa nokkuð svipaða efnasamsetningu þó þær komi af sitthvoru svæðinu (lag 14878 í öskuhaug B, lausafundur í C og yfirborðslag á svæði A/C), en þær passa ekki við neitt



Mynd 15. Hrafninnuvala 2021-20-182 lengst til vinstri er lausafundur af svæði C. Fundur 2021-20-078 fyrir miðju er úr lagi 14878 af svæði B sem líklega er eldra en 17. öld. Fundur 2022-13-069 er úr yfirborðslagi 18110 af svæði A/C (Mynd 16). Þessi vala gæti hugsanlega hafa verið nýtt sem eldsláttusteinn eða verkfæri. Efnasamsetning þeirra er skemmtilega svipuð.



Mynd 16. Snéfilefni (Nb, Rb, Y, Sr, Ba og Zr) mæld í Árbæjarhrafninu með Thermo Niton XL5 pXRF tæki (sjá einnig töflu 3).

af þeim sýnum sem efnagreind voru 2009. Völur 078 og 069 eru með mjög keimlíka efnasamsetningu. Hrafninna var notuð m.a. sem eldsláttusteinn, og er hugsanlegt að vala 2022-13-069 hafi verið notuð til slíks eða sem skurðarverkfæri. Það er mjög líklegt að þær séu úr næsta nágrenni Árbæjar, úr næsta árfarvegi, af Hengilsvæðinu eða úr Esjunni. Til að sannreyna slíkt frekar vantar hrafninnu af svæðinu og er í farvatninu að leita hennar í nágrenni Árbæjar til samanburðar sumarið 2023 t.d. í Elliðaá og Úlfarsá.

Tafla 3 – Samanburður á snefilefnum í íslenskri hrafninnu. pXRF mælingar á Árbæjartinnu og mælingar Hughes & Lucas (2009) á Hofstaðatinnu og hugsanlegum efnistökuðum (sjá Mynd 16).

Uppruni	Sýna/fundanúmer	Rb (ppm)	Sr (ppm)	Y (ppm)	Zr (ppm)	Nb (ppm)	Ba (ppm)
Árbær, Reykjavík	2021-20-078	78	38	97	304	50	849
Árbær, Reykjavík	2021-20-182	61	44	92	243	39	783
Árbær, Reykjavík	2022-13-069	76	37	97	311	51	983
Katla	Ni3532	80	130	94	895	116	662
Katla	Ni3532	78	128	96	1004	114	726
Hágöngur	Ni21680	64	63	162	362	82	459
Hágöngur	Ni21680	64	67	183	404	97	518
Torfajökull	Ni21702	123	15	118	1135	164	161
Torfajökull	Ni21702	123	14	133	1270	166	187
Kerlingafjöll	Ni21839	86	64	117	477	135	787
Kerlingafjöll	Ni21839	83	64	121	537	143	855
Krafla	Ni24189	62	97	99	497	56	537
Krafla	Ni21969	77	91	111	441	52	590
Krafla	Sample 14	66	97	98	475	52	524
Hofstaðir	97-28	63	97	99	512	55	593
Hofstaðir	98-111	66	101	102	522	57	626
Hofstaðir	99-404	64	97	100	504	55	626
Hofstaðir	00-102	66	101	102	522	58	593

Sleggjur

Fimm steinsleggju helmingar úr blöðróttu íslensku dóleríti hafa fundist til þessa og má sjá grófa samantekt á mælingum í Töflu 4. Tvær þeirra eru frekar litlar eða um 10-13 cm í þvermál (2020-37-002 og 2022-13-251), tvær 13-15 cm (20-37-314 og 21-20-048) og ein nokkuð stór eða 19-20 cm (18-19-169). Allar eru þær brotnar í tvennt og hefur ein þeirra einnig klofnað gróflega í tvennt um langás. Þó þær séu misstórar í þvermál er vídd handfangsholu alltaf svipuð eða mest 4,5-5,5 cm og um 3 cm innst við miðju, sem sýnir að handfang hefur ætíð verið með svipaða þykkt í kring um 5 cm. Allar sleggjurnar sýna nokkur ummerki um slit á slitfleti sem er gróflega um 3,5-6 cm á breidd. Sleggjurnar gætu hafa verið fiskisleggjur, þó sleggjur hafi oftast einnig verið nýttar til ýmissa annarra hluta.




Mynd 17. Sleggjur og textúr hráefnis (stika 2 mm), aðallega fínkornótt og fínblöðrótt dólerít.

Tafla 4. Helstu upplýsingar um steinsleggjurnar í Árbæ (sjá einnig Mynd 17).


Nr.	Lag	Svæði	Vigt (gr)	Áætluð heildarþyngd (gr)	Áætlað þvermál (cm)	Mesta vídd holu (cm)	Tegund efnis	Slitflötur
2018-19-169	5395	B	211,9	>1500	19-20	4,8	Dólerít, blöðrótt	>2-2,5 cm breiður
2020-37-002	-	Sk6	413	800-850	10-12	4,5	Dólerít, blöðrótt	>5,8x5 cm flatarmál
2020-37-314	10161	A	1409	1800-1900	14-15	5,5	Dólerít, fínblöðrótt	4,5-6 cm á breidd, svotil allan hringinn
2021-20-048	15450	C	742	1500	13-14	4,5-5	Dólerít, blöðrótt	4,5-7 cm á breidd, svotil allan hringinn
2022-13-251	22694	B	999	1600-2000	11-13 cm	4,5-4,8	Dólerít, fínblöðrótt	um 3,5-5 cm á breidd, slit greinilegast á yfirborði beint á móti brotflæti

Lóð

Skoðuð voru 24 steinlóð úr lábörðu, fínkorna storkubergi, líklega helst þóleiíti, og eru aðeins tvö þeirra brotin (2021-20-084 og 2021-20-098). Þau hafa líklega verið >120-150 gr ef þau væru heil en þyngdardreifing heilu lóðanna úr Árbæ má sjá á Mynd 18. Mikill meirihluti þeirra kemur úr öskuhaug B og meðalþyngd þeirra er um 185 gr. Snúrugat er alltaf náttúruleg blaðra eða loftgangur sem gengur í gegnum steininn í miðju eða nálægt brún. Ekki er hægt að segja mikið um tilgang þessara lóða en líklegasta notkun þeirra er t.d. sem hurðarlóð eða kljásteynar.



Mynd 18. Þyngd lóða sem grafin hafa verið upp í Árbæ.



Mynd 19. Kvarnarsteinn 2020-37-315 hefur verið um 53-54 cm í þvermál og er með þunnan kraga umhverfis augað. Hann er um 3,5-5 cm þykkur og búinn til úr blöðróttu þóleiít basalti. Kvarnarsteinninn gæti verið frá 18. öld eða eldri, jafnvel frá miðöldum.

Kvarnarsteinar

Kvarnarsteinn 2020-37-315 (Mynd 19) er efri steinn (runner) sem fannst á svæði A í lagi 5854. Steinninn er hogginn úr fínkorna, blöðróttu og tvídílóttu þóleiít basalti (pXRF; Mynd 21). Gróflega ¼ hluti steins hefur varðveist og er hann um 3,5-5 cm þykkur og um 4,94 kg, sem þýðir að kvörnin hefur hugsanlega verið um 15-20 kg þegar hún var heil. Þvermál var metið með aðstoð þvermálskorts og hefur líklega verið um 53-54 cm, þó ummálið hafi líklega verið aðeins meira eggлага en hringлага. Hæð mölunarflatar er um 2 cm (sjá þversnið kvarnar mynd 19). Engin ummerki fundust um handfangsholu en hugsanlega gætu verið leifar af upphleyptu þríhyrnu svæði á efra borði sem oft umlukti slíkar holur. Þunnur, um 4 cm breiður kragi var umhverfis kvarnaraugað sem var líklega um 11 cm í þvermál. Örlítið hefur varðveist að öðrum væng seglraufar í mölunarfleti sem hefur verið um 4 cm langur, 3 cm breiður og líklega <1,5 cm djúpur, sem þýðir að seglið hefur líklega verið um 17-19 cm langt í heildina. Útlit, þversnið og hæð mölunarflatar minna nokkuð á kvarnir úr Viðey sem eru taldar frá síðmiðöldum (Sólveig G. Beck, 2019, bls. 155, 160-161 og 164), og gætu bent til þess að þessi kvörn sé frá 18. öld eða eldri, jafnvel frá miðöldum.



Mynd 20. Textúr kvarnarsteins 2020-37-315 (sjá einnig Mynd 19). Fínkornótt, tvídílótt og blöðrótt, þóleiít basalt. Ólivín kristall sést efst til vinstri, feldspat til hægri. Ljósmyndir um 4,5 mm breiðar.

Kolur

Kolan (2020-37-112) er aflöng, >14,3 cm löng, 6,5-7,3 cm breið, 4,5-5 cm há og um 0,86 kg að þyngd (Mynd 21). Innanmál er skálarlaga og um 11,5x2,2-4,2x1,5-2 cm að stærð. Sterka lýsislykt leggur frá kolunni og hún er nokkuð sviðin á yfirborði í óskaddaða enda bæði í botni og á hliðunum. Kolan hefur verið hoggin úr gráu og stórblöðróttu (1-6 mm, 20-30%), fínkornóttu dóleríti, með greinilegu stórum hvítum, feldspat dílum (5-10%). Annan enda

kolunnar vantar. Efniviður mjög líklega fenginn í næsta nágrenni við Árbæ. Efniviður er mjög svipaður og t.d. í steinsleggju 2018-19-169 (sjá Mynd 17 hér að ofan).



Mynd 21. Kola 2020-37-112. Ljósmynd af textúr hennar er um 4,5 mm breið í raun.

Skrúbbar og pússusteinar

Boltasteinar

Fjórir lábarðir steinar voru skráðir sem gætu hugsanlega þjónað sem pússu- eða strausteinar (Mynd 22), þó erfitt sé að sanna slíka notkun. Þessir steinar hafa greinilega verið teknir úr árfarvegi eða við strandlengjuna og bornir heim. Steinn 2019-36-285 fannst við yfirborðshreinsun og er hann líklega úr íslandíti. Hann er um 110 gr, um 22 cm á lengd, 8 cm á breidd og passar vel í lófa. Steinninn er dulkornóttur og mjög vel pússaður. Hugsanlega gæti hér verið um straustein að ræða (Mynd 22 fyrir miðju). Annar mjög svipaður steinn 2022-13-248 (lag 20221; 8x6,2x5,4 cm, 443 gr) fannst ofarlega í öskuhaug B (pXRF basaltískt íslandíti; mynd 22 til hægri). Tveir aðrir steinar 2018-19-186 fundust í lagi (5395) sem líklegast er frá 17. til byrjun 18. aldar. Báðir eru úr dóleríti og vel rúnaðir þó annar þeirra sé mun meira kúlulaga en hinn (Mynd 22 til vinstri). Steinarnir eru um 6-7 cm á lengd, 5-6 á breidd og 4,5-

5,5 cm á þykkt. Óljóst er hvort þeir hafa verið nýttir í eitthvað sérstakt en þeir gætu hafa verið lóð eða hugsanlega notaðir sem strau- eða pússusteinnar.



Mynd 22. Kúlulaga dólerítsteinn 2018-19-186 lengst til vinstri (bil milli strika 1 mm). Mjög pússaður, lábarinn steinn 2019-36-285 úr íslandíti (pXRF) í miðið og annar mjög svipaður 2022-13-248 lengst til hægri sem líklega er basaltískt íslandít (pXRF). Þetta gætu hugsanlega hafa verið strausteinar.

Vikur

Þrjú stór vikurbrot eru í safninu til þessa. Eitt svart (2019-36-319; 8 cm, 62 gr; basaltískur vikur) af svæði A sem er stærst og hugsanlega verið notað sem sandari eða skrúbbur (a.m.k. ein sléttuð hlið), og tvö ljós (2021-20-214; 2019-36-277; kísilríkur vikur) af svæðum A og B. Brot 214 (28 gr, 6 cm) hefur tvö sléttaða fleti og hefur greinilega verið notað til að pússa. Þessi vikur er líklegast upprunnin úr Heklu og/eða af Reykjanesinu.



Mynd 23. Þrjár vikursteinar hafa fundist í Árbæ, tveir ljósir og einn svartur.

Krossmark eða stoðarsteinn?

Fundur 2021-20-187 er kassalaga, 22 cm langur, 19 cm breiður og 10 cm þykkur, sex kílógramma steinn með krossmarki eða grófri krosslaga dæld sem hoggin hefur verið ofan í steininn. Steininn er ávalur, úr blöðróttu, dóleríti og mjög líklega úr næsta nágrenni, líklega úr Elliðaá. Steininn gæti helst hugsanlega hafa verið einhverskonar stoðarsteinn eða undirstaða. Ólíklegt er að hann hafi haldið vel vatni.



Mynd 24. Stein 2021-20-187 er með hugsanlegu krossmarki og er úr veðruðu dóleríti, líklega lábörðu. Ljósmynd af textúr 4,5 mm breið.

Annað I-II

Restin af safninu eru tveir hópar sem samanstanda að mestu af brotum og flögum án sýnilegs tilgangs eða greinilegra vísbendinga um vinnslu. Hægt er að skipta því í efnaset og útfellingar (I, 15 fundir, 0,5 kg) sem gefa til kynna nálægð við jarðhitamyndanir, og storkuberg (II, 42 stk, 5,7 kg). Efnasetið er að mestu ljóslitt kísilhrúður, kvars, kalsít og zeólítar (Mynd 25) á meðan storkubergið er aðallega basalt, dólerít og svo tvö brot af basaltísku íslandíti (pXRF, 2018-19-218; 2018-19-331, mjög segulmagnað). Þessi tvö brot voru efnagreind sérstaklega vegna





Mynd 25. Fjórir fundir úr lagi [6900] í hópi Annað I. Efst til vinstri er ljósgræn kvarsholufylling 2019-36-290 og efst til hægri er grófkristallað kalsít brot 2019-36-286. Niðri til vinstri er brot 2019-36-254 sem gæti verið kísilhrúðurflaga og niðri til hægri er þunn flaga 2020-37-070 sem einnig gæti verið kísilhrúður eða suðursteinn (bil milli strika er 1 mm).

óvenjulegrar þyngdar og sterkar segulmögnunar. Talið var hugsanlegt að um jarnstein væri að ræða, en brot 331 er einmitt nokkuð ríkara af bæði járn (Fe) og títani (Ti) en annað storkuberg sem mælt var. Áhugavert er að 7 af þeim 14 fundum (Mynd 25) sem lentu saman í Annað I hópinn eru allir úr lagi [6900] sem er líklega myndað á 17. og fram á 18. öld og inniheldur helst samsafn af almennu heimilssorpi eins og matarílátum úr leir og nöglum. Mjög ólíklegt er aðað þessar mismunandi steinmyndanir hafi allar verið á sama stað af náttúrulegum ástæðum á bæjarhólnum í Árbæ og hefur þeim verið safnað saman í einhverjum tilgangi, hugsanlega til nota í einhverskonar litun eða kannski sem flúx í smiðjuaflinn, en það er erfitt að segja til um slíkt.

Samantekt

Þegar tölur eru teknar saman kemur í ljós að við talningu er innlendu og erlendu efni nokkuð jafnt skipt, 48% á móti 52%, og áhugavert að erlendir gripir eru aðeins fleiri (Tafla 5). En þegar þyngdarprósentan er skoðuð kemur í ljós að eftir vigt er íslenskur efniviður 89% af safninu á meðan erlendur steinn er aðeins um 11%. Í Töflu 6 má sjá skiptingu safnsins eftir tegundum efnis og eru gróflega fjórar erlendar bergtegundir í aðeins þremur tegundum funda, skífuberg (schist) líklega að mestu frá Noregi og kvars sandsteinn (Svíþjóð?) í brýnum, tinna (flint) í eldsláttusteinum og svo steinkol til eldsneytis, líklega frá Danmörku, Bretlandi eða meginlandi Evrópu. Á móti kemur að íslenskur efniviður er mun fjölbreyttari. Stærsti hlutinn er storkuberg, þ.e. basalt, dólerít og íslandít, hrafntinna, vikur og túff. Ásamt kvarssteindum (helst jaspis, ópall, kalsedón, agat og kísilhrúður) og öðrum tegundum holufyllinga og efnaútfellinga (kalsít og suðusteinar) sem mikið til eru lábarnar völu og brot sem erfitt er að rekja til uppruna. Þó


má teljast líklegt að mestur hluti komi úr næsta nágrenni, eins og Elliðaánum eða öðrum lækjarfarvegum eins og Fossvogslæk, Grafarlæk og öðrum smærri lækjarsprænum. Dæmi eru um að það finnist leifar af lághitamyndunum t.d. upp með bökkum Grafarlækjar og vestan Breiðholtshvarfs (Mynd 26). Setberg finnst einnig í bökkum Elliðaár vestan og norðan hvarfsins, svo ekki ólíklegt að fleiri slíkar myndanir finnist á öðrum stöðum í nágrenni Árbæjar. Ekki er furða að mikið finnst af basalti og dóleríti í safninu þar sem Árbær stendur á sundurleitum hraunum úr fín- til grófkornóttu basalti (bæði ólivín- og feldspatdílóttu) og dóleríti (grágrýti). Til að fá betri mynd af nálægu efnisframboði er planið að nota 1-2 daga sumarið 2023 til þess að rölta um nágrenni Árbæjar og skrá það sem fyrir augu ber með nákvæmari hætti.

Tafla 5. Samantekt á magni og þyngd innlends og erlends efniviðar sem greindur var í steinasafni Árbæjar.

	Fjöldi (stk)	Fjöldi (%)	Þyngd (gr)	Þyngd (%)
Erlent	149	52	3627	11
Innlent	139	48	29304	89
Samtals:	288	100	32930	100

Tafla 6. Skipting eftir efnistegund, erlendri og innlendri.

	Efnistegund	Fjöldi	Fjöldi (%)	Þyngd (gr)	Þyngd (%)
Erlent	Skífuberg	63	21,9	2553	7,8
	Steinkol	72	25,0	247	0,8
	Tinna	12	4,2	620	1,9
	Kvars sandsteinn	2	0,7	207	0,6
Innlent	Basalt	71	24,7	12599	38,3
	Dólerít	20	6,9	15308	46,5
	Íslandít	4	1,4	628	1,9
	Hrafninna	3	1,0	14	0,0
	Vikur, svartur	1	0,3	62	0,2
	Vikur, ljós	2	0,7	30	0,1
	Kvarssteindir	18	6,3	172	0,5
	Rautt túff	3	1,0	43	0,1
	Suðusteinar	6	2,1	37	0,1
	Kalsít	4	1,4	35	0,1
	Annað	7	2,4	376	1,1
		Samtals:	288	100	32930



Mynd 26. Jarðfræðin í nágrenni Árþégar. Kort byggt á upplýsingum af ÍSOR.is, úr Árni Hjartarsson (1981) og Leó Kristjánsson et al. (1991).

Tafla VI – Niðurstöður pXRF mælinga fyrir nokkur brýni úr Árbæ.

Finds no.	Surfaces measured	Schist description	SiO ₂ (wt%)	SiO ₂ sigma-2 (wt%)	Al ₂ O ₃ (wt%)	Al ₂ O ₃ 2-Sigma (wt%)	Fe ₂ O ₃ (wt%)	Fe ₂ O ₃ 2-sigma (wt%)	MnO (wt%)	MnO 2-sigma (wt%)	MgO (wt%)	MgO 2-sigma (wt%)	TiO ₂ (wt%)	TiO ₂ 2-sigma (wt%)
2018-19-134	Grinding surface	Dark gray, quartz rich	66,95	0,20	14,28	0,28	5,20	0,02	0,089	0,005	1,56	0,31	0,95	0,009
2018-19-140	Center, fresh	Grayish white	65,85	0,20	20,23	0,31	2,55	0,02	0,014	0,003	2,24	0,29	0,53	0,006
2018-19-146	Fresh fracture	Grayish white	72,62	0,21	18,47	0,30	2,68	0,02	0,023	0,003	2,99	0,31	0,80	0,007
2018-19-148	Side, chipped	Grayish white	66,80	0,21	22,33	0,34	2,26	0,02	0,018	0,003	2,00	0,30	0,53	0,006
2018-19-151	Center, fresh	Grayish white	61,60	0,20	22,66	0,36	5,31	0,02	0,010	0,003	2,80	0,34	1,63	0,011
2018-19-162	Flaked fresh surface	Grayish white	67,76	0,22	23,83	0,36	4,84	0,03	0,012	0,003	3,00	0,35	2,00	0,012
2018-19-173-1	Center, fresh, larger frag,	Dark gray/ laminated	71,75	0,21	19,52	0,32	2,87	0,02	0,029	0,003	2,14	0,31	0,72	0,007
2018-19-173-2	Center, fresh	Light gray to gray	72,46	0,20	15,30	0,26	2,12	0,01	0,043	0,003	1,43	0,26	0,62	0,006
2018-19-217	Grinding surface	Light to dark gray, laminar	71,21	0,20	15,83	0,28	3,37	0,02	0,069	0,004	1,47	0,28	0,74	0,007
2019-36-130	Fresh fracture	Dark gray	57,90	0,20	19,17	0,31	3,05	0,02	0,017	0,003	1,32	0,27	1,14	0,009
2019-36-138	Fresh fracture	Gray	75,78	0,21	17,74	0,30	2,78	0,02	<LOD	0,004	1,91	0,29	0,98	0,007
2019-36-250	Fresh surface	Grayish white	75,80	0,20	14,01	0,25	2,19	0,01	0,01	0,003	1,75	0,27	0,56	0,005
2019-36-255	Fresh fracture	Very dark bluish gray,	81,19	0,23	13,18	0,25	2,78	0,02	0,212	0,005	4,00	0,34	0,30	0,004
2019-36-283	Flaked fresh surface	Light gray	75,06	0,20	16,56	0,26	1,18	0,01	<LOD	0,004	1,28	0,23	0,17	0,004

Finds no.	Surfaces measured	Schist description	SiO2 (wt%)	SiO2 sigma-2 (wt%)	Al2O3 (wt%)	Al2O3 2-Sigma (wt%)	Fe2O3 (wt%)	Fe2O3 2-sigma (wt%)	MnO (wt%)	MnO 2-sigma (wt%)	MgO (wt%)	MgO 2-sigma (wt%)	TiO2 (wt%)	TiO2 2-sigma (wt%)
2020-37-016	Grinding surface	Light gray to gray	75,40	0,20	15,41	0,27	2,54	0,02	<LOD	0,004	1,61	0,27	0,65	0,006
2020-37-029	Fresh surface	Silvery gray	66,94	0,22	24,26	0,36	3,32	0,02	0,013	0,004	2,99	0,34	1,69	0,010
2020-37-034	Grinding surface	Gray	54,79	0,18	12,85	0,24	4,81	0,02	0,034	0,003	0,94	0,25	1,22	0,009
2020-37-079	Fresh fracture	Light gray to gray, laminated	56,36	0,21	28,02	0,38	3,68	0,02	0,006	0,003	3,52	0,35	0,99	0,009
2020-37-154	Fresh fracture	Silvery gray	65,32	0,21	25,28	0,37	3,93	0,02	<LOD	0,004	2,74	0,33	1,55	0,010
2020-37-156	Fresh fracture	Silvery gray	53,85	0,19	26,05	0,39	6,53	0,03	0,044	0,004	5,22	0,39	1,00	0,010
2020-37-160	Fresh surface	Silvery gray	64,35	0,21	22,06	0,33	3,49	0,02	<LOD	0,005	2,37	0,31	1,53	0,010
2020-37-167	Fresh surface	Silvery gray	53,49	0,21	30,22	0,40	4,80	0,03	0,034	0,003	4,23	0,37	2,44	0,014
2020-37-292	Fresh surface	Light gray	66,14	0,20	23,47	0,31	1,05	0,01	0,006	0,003	0,75	0,22	0,25	0,004
2021-20-049	Fresh surface	Silvery gray	49,76	0,19	26,50	0,35	4,62	0,02	0,021	0,003	3,27	0,32	1,45	0,010
2021-20-069	Grinding surface	Silvery gray, flaky	71,26	0,20	16,09	0,27	3,91	0,02	0,022	0,003	2,32	0,28	0,62	0,006
2022-13-006	Fresh surface	Gray, starry lustre	66,69	0,19	13,52	0,26	1,78	0,01	<LOD	0,004	1,55	0,27	0,44	0,005
2022-13-007	Fresh surface	Silvery gray, starry lustre	61,39	0,22	28,01	0,42	5,41	0,03	0,03	0,003	4,35	0,40	1,44	0,011
2022-13-033	Fresh surface	Pale gray to grayish white	61,07	0,21	28,91	0,41	4,82	0,03	0,014	0,003	3,37	0,37	1,46	0,011
2022-13-058	Fresh surface	Grayish white to pale gray	72,25	0,22	19,16	0,33	4,56	0,02	0,013	0,003	3,13	0,35	1,43	0,009

Finds no.	Surfaces measured	Schist description	SiO2 (wt%)	SiO2 sigma-2 (wt%)	Al2O3 (wt%)	Al2O3 2-Sigma (wt%)	Fe2O3 (wt%)	Fe2O3 2-sigma (wt%)	MnO (wt%)	MnO 2-sigma (wt%)	MgO (wt%)	MgO 2-sigma (wt%)	TiO2 (wt%)	TiO2 2-sigma (wt%)
2022-13-059	Grinding surface	Grayish white	82,06	0,21	12,72	0,25	2,35	0,02	0,006	0,003	1,66	0,27	0,54	0,005
2022-13-064	Grinding surface	Grayish white	74,92	0,20	15,06	0,27	2,83	0,02	0,006	0,003	1,73	0,28	0,75	0,006
2022-13-185	Fresh surface	Gray, fine grained	75,09	0,21	16,76	0,29	3,06	0,02	0,003	0,003	2,31	0,30	0,86	0,007

Heimildaskrá

Árni Hjartarson, 1981. Síðkvarteri jarðlagastaflinn í Reykjavík og nágrenni.

Náttúrufræðingurinn 50 (2), 108-117.

Ármann Dan Árnason, 2018. *Milli steins og sleggju: Eru allar steinsleggjur fiskisleggjur?*

Ritgerð til MA-prófs við Háskóla Íslands, Reykjavík.

Baug, I., Skre, D., Heldal, T. og Jansen, Ø., 2019. The Beginning of the Viking Age in the

West. *Journal of Maritime archaeology* 14, 43-80. [https://doi.org/10.1007/s11457-](https://doi.org/10.1007/s11457-018-9221-3)

[018-9221-3](https://doi.org/10.1007/s11457-018-9221-3)

Hughes, R.E. og Lucas, G., 2009. Geochemical Identification of the Source for Obsidian

Artifacts from the Viking Settlement at Hofstaðir in Mývatnssveit, Northeastern

Iceland. *Archaeologia Islandica* 7, 41-54.

IceVol, 2022. Íslensk eldfjallavefsjá/*Catalogue of Icelandic Volcanes*. Reykjavík: Veðurstofa

Íslands, Háskóli Íslands, Ríkislögreglustjóri. Sjá <https://www.icelandicvolcanoes.is/>

ÍSOR.is, 2022. Kortavefsjá Íslenskra orkurannsókna. Sjá [https://www.isor.is/jardfraedikort-](https://www.isor.is/jardfraedikort-kortavefsja)

[kortavefsja](https://www.isor.is/jardfraedikort-kortavefsja).

Leó Kristjánsson, Haukur Jóhannesson og Ingvar Birgir Friðleifsson, 1991. *Jökull* 41, 47-60.

Sigrid Cecilie Juel Hansen, 2009. *Whetstones from Viking Age Iceland. As part of the Trans-*

Atlantic trade in basic commodities. Ritgerð til MA-prófs við Háskóla Ísland,

Reykjavík.

Sólveig G. Beck, 2019. *The Icelandic Quernstone Catalogue*. Viðbót við doktorsritgerð

höfundar. Sjá <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1880>


Viðauki II: Árbær, járnvinnslu- og eldsneytisleifar – Sólveig G. Beck

Árið 2022

Gjall og hroði

Heildarmagn gjalls og eldsneytishroða um 440 brot, samtals 2,26 kíló.

Í safninu er ein mjög falleg afdella (hearth bottom, 216 gr) úr öskuhaug B (lag 20221). Í ár er annars lítið sem ekkert annað eiginlegt járnvinnslugjall fyrir utan brot 362 sem gæti verið hluti af afdellu (um 4x4 cm og 1,4 cm þykkur moli), en molinn sýnir ekki nógu skýr einkenni til að fullyrða það. Þessi moli er þó eini fundurinn í ár sem sýnir greinileg ummerki um afsteypur af viðarkolum sem gefur sterklega til kynna nálægð við smiðjuafli. Hugsanlega eru brot úr sýnum 011-014 úr öskuhaug almenn gjallbrot (24 brot/196 gr) en þau eru nokkuð létt og það er a.m.k. mjög lítið járn til staðar ef um eiginlegt gjall er að ræða. Tvö til þrjú dæmi eru um að hvítbrenndir (calcined) beinmolar hafi orðið innlyksa í gjalli/hroða, t.d. í sýni 010. Öll önnur brot eru flest almennir hnútar af mjög léttum, veik- til ósegulmögnum og frauðkenndum hroða (fuel ash slag) með lítið sem ekkert járninnihald. Hroðinn sýnir oft merki þess að innihalda plöntuleifar og jafnvel jarðveg. Þetta gætu verið leifar af mó, torfi eða moði sem notað hefur verið sem eldsneyti eða til að byrgja glóð í afli eða



arni yfir nótt. Þrjú brot í sýnum 010, 012 og 016 hafa eitt bogalaga yfirborð sem líkist hálfhring sem er +3-3,6 cm í þvermál. Hér gæti hugsanlega verið um að ræða hroða sem storknað hefur

í nálægð við belgtúðu eða rör. Eitt greinilegt dæmi um ljósgráan viðarkolahroða er sýni 025 (úr lagi 18130 af svæði A/C).

Annað

Örfá brot af járngrípum fundust innan um sem voru skildir frá og skráðir í gripaskrá í Sarpi af Láru Janusdóttur, þá sérstaklega úr sýni 010. Sýni 017 úr öskuhaug B (lag 20221) er rauðbrunninn steinn sem virðist hafa bráðnað á einni hlið, sem gefur til kynna nálægð við háan hita. Að lokum var einn fundur í sýni 023 (S2022-13-023-2) sem er líklega bráðið gúmmí eða þornuð tjara úr gólflagi 20817 af svæði A/C.

Árið 2021

Heildarmagn líklega um eða yfir 1000 brot (ekki talið uppúr öllum pokunum) sem samtals vege um 5,5 kg.

Gjall

Að mestu fíngerð og einkennalítill járnvinnslugjallbrot og slettur (largely undiagnostic secondary smithing slag), um 300 brot sem vege um 2 kg, eða um 36% (weight%) af safninu, 7 gr/stk að meðaltali. Brotin eru flest visin og mjög veiklega segulmögnuð sem gefur vísbendingar um mjög lítið járninnihald og lágt framboð/litla gjallframleiðslu í járnvinnslnunni/smíðinni. Ásamt þessu gjalli eru einnig sex stykki af afdellum (hearth bottom; 678 gr) og eitt brot af hugsanlegri túðudellu (tuyewre bottom?; 51 gr). Afdellurnar (hearth bottom) sex eru þunnar og ólagskiptar, gróflega egglega dellur með grófan kúptan botn og veiklulega íhvolft efra borð, allar nokkuð þéttar og sterklega segulmagnaðar. Afdella 2020-37-267 er stærst og þykkust (4,3 cm), um 330 gr og 7,5-8,5 cm í þvermál. Hinar fjórar (2019-36-103; 2019-36-241; 2021-20-211; S2021-20-002) eru nokkuð svipaðar að stærð, 5,5-7,5 cm í þvermál, 1,5-3 cm á þykkt og 60-90 gr að þyngd. Eitt brot S2021-20-019 er líklega einnig partur af afdellu í svipaðri stærð, >4 cm í þvermál og 1,8 cm að þykkt. Eitt lítið en þétt gjallbrot (S2020-37-010) gæti einnig verið hugsanlegt brot úr afdellu en það er of lítið til að segja til um stærð hennar. Í safninu er einnig ein hugsanleg aflöng en brotin túðudella (tuyere bottom; S2021-20-015). U-laga botn, nokkuð flöt að ofan, 5,5 cm í þvermál og 1,5-2,4 cm þykk. Hefur hugsanlega myndast við/í túðunni í aflinum sem hefur þá verið um 6 cm í þvermál. Mjög litlar greinilegar vísbendingar/för eftir viðarkol í gjalli, fyrir utan eiginleg brot af viðarkolum í 1-2 pokum. Hvít, glædd (calcined) beinbrot eru algengar innlyksur í gjallinu og hafa líklega verið

notað sem flúx (flux). Einn brunninn fínlagskiptur hvítur zeólíti þakinn gjalli fannst í poka S2020-37-008 sem gæti hugsanlega einnig hafa verið notaður sem flúx ásamt beinaruslinu.



Til vinstri þversnið delli 21-20-211, til hægri delli 21-20-002

Hroði

Eldsneytishroði (fuel ash slag and clinker), gróflega um 650-700 brot, sem vege samtals um 2,6 kg eða 47% (weight %) af safninu, 4 gr/stk að meðaltali. Hugsanlega eitt brot af steinkolahroða (2018-19-259) og nokkur ljósgrá frauðkennd brot sem hugsanlega hafa myndast í viðarösku en annars mjög líklega að mestu hroði sem myndast hefur í eldstæði þar sem verið var að brenna mót/ortf og/eða moð, þó ekki sé alveg hægt að útiloka viðaröskuhroða alveg. Moð og ortf var oft notað til að byrgja og halda lífi í glóð yfir nótt/þegar ekki var verið að nota aflinn/eldestæðið.

Næsta skref væri að saga eins og 2-3 afdellur í tvennt til að mæla járninnihald og velja nokkur girnileg brot til að búa til þunnsneiðar, bæði af hroða og gjalli, til að varpa betra ljósi á samsetningu þessara leifa.

Járnaglar og járnbrott

Naglar og naglabrot í pokum nr. 2020-37-293, 2019-36-101, 2020-37-300, 2020-37-302 (+ flaga af múrsteini), 2020-37-310, 2020-37-313, 2018-19-260, S2020-37-008, S2020-37-009, S2020-37-006, S2021-20-001, S2021-20-003, S2021-20-017, 2020-37-293. Járnplata 2017-17-069.


Annað

Í poka S2021-20-006 eru einnig tveir litlir náttúrulegir steinar. Nokkur hraungrýtisbrott og basaltvölur innan um í pokum 2019-36-199, 2019-36-295, S2020-37-006, S2020-37-009, S2020-37-011, 2020-37-297, 2020-37-299, 2020-37-313, 2020-37-305, S2021-20-010, S2021-20-012, S2021-20-016. Sumar flögurnar blöðrótt basalt svipað og notað var í koluna og


kvarnarsteininn. Hugsanlega vísbendingar um vinnslu á basalti. Litlum rúnuðum basaltsteinum má henda en basaltflögur með hvassar brúnir hugsanlega vísbendingar um steinhögg.

Viðauki III – Kort

Kortið sýnir öll jarðlög og einingar mæld upp (ekki allt grafið upp) árið 2022 á svæði A/C.



Hlaðan á svæði A/C






- Gólfag 
- Hlöðuveggur 
- Gripur 
- Gripur 

Laufey Kristjánsdóttir
13.12.22



Uppgriftarsvæði B



Laufey Kristjánsdóttir
13.12.22

Viðauki IV – Einingaskrá

Eining nr.	Heiti	Tegund	Svæði	Lýsing	Skráning
105	Mannvistarlag	Grjóthrun	A/C	Stórgrýti úr gömlu hlöðunni. Fyrst skráð árið 2016 og heldur því gamla eininganúmerinu [105]. Fjarlægt með gröfu með yfirborðslagi 18110.	JS/SIT
17163	Mannvistarlag	Torfveggur?	A/C	Þétt og mjúk brúnrauð leirkennd méla. Mörk við næsta jarðlag greinileg. Lengd 2,4m. Breidd 0,86m. Mesta dýpt 8sm. Gripir: gler, birkistubbar. Flekkir af K~1500.	LJ, SIT, LK
18110	Yfirborðslag	Yfirborðslag á sameinuðu svæði A/C	A/C	Brún auðmulin leirkennd méla. Mörk greinileg. Lengd um 8m, breidd 6m. Mesta dýpt 1.1m. Jarðlagið var fjarlægt með gröfu. Ýmislegt nútíma rusl fannst í jarðlaginu.	SIT
18126	Yfirborðslag	Yfirborðslag á stækkuðu svæði B	B	Brúnleit mold. Þéttleiki er lítið bundinn og mörkin við næsta jarðlag eru greinileg. Gripir: Leirker, gler og járn ásamt einstaka beinum, brenndum beinum, sót/ösku og kolum.	HJH
18130	Mannvistarlag	Mannvistarlag	A/C	Þétt gulbrúnleit leirkennd méla. Mörk við næsta jarðlag greinileg. Breidd jarðlagsins var um 6m og mesta dýpi 10 sm. Steypumulningur og steinar fundust í laginu. Það hefur myndast eftir að hlaðan hrynur, þ.e. eftir árið 1949.	KK, SIT, HD, DFÍ
19494	Mannvistarlag	Móaska í öskuhaug	B	Þétt leirkennd grá-brún og appelsínugul móaska. Mörk skörp. Gripir: brennd bein, bein, kol, smásteinar, gjall, og brenndur viður.	GME, EBA
19556	Mannvistarlag	Móaska í öskuhaug	B	Bleik-brún méluð (silty) móaska. Auðmulin og mörkin eru greinileg. Einstaka torfinnlyksur og algengt er af brenndum beinum, smásteinum og gjalli.	VGR, MM

Eining nr.	Heiti	Tegund	Svæði	Lýsing	Skráning
20221	Mannvistarlag	Móaska í öskuhaug	B	Dökk rauð/appelsínugulur brúnn mélaður (silty) sandur. Þéttleiki er lítið bundinn og mörk eru skörp. Einstaka börkur, meðal mikið af beinum og algengt er af brenndum beinum, kolum og móösku.	AP
20647	Mannvistarlag	Gólf	A/C	Dökk blá-svört leirkennd méla. Stíft og þétt. Mörk eru skörp og mesta dýpt er 10 sm. Gripir: Leirker, kopar, járn, gler, öngull, korktappar, textíll. Sýni: Kol, gjall. Einstaka bein, smásteinar, viður og gjall. Algengt: hey. Samtíða [20647].	HD, SIT, LK, KK, MRS, DFI
20817	Mannvistarlag	Gólf	A/C	Stíft leirkennd grábrún méla. Mörk skörp. Lengd um 5m, breidd 3m, mesta dýpt um 2sm. Húsdýrahár sjánleg í jarðlagi. Samtíða [26047].	ESS, LJ, HBGK
20947	Fylling	Fylling í vegg	A/C	Fylling í vesturvegg hlöðunnar. Stíft leirkennd brún méla. Innihélt grjóthleðslur úr veggnum. Mörk greinileg. Mesta dýpi um 23sm. Gripir: leirker.	KK
21347	Fylling	Fylling í holu/stoð?	A/C	Ljós gul-brún mjúk og leirkennd méla. Mörk eru greinileg. Lengd 35 sm, breidd 15 sm, og mesta dýpt er 8 sm. Lagið inniheldur örlitlar steypuagnir og örfáar appelsínugular torfskellur. Fylling í holu 21742.	LK & HBGK
21373	Fylling	Fylling í holu/stoð?	A/C	Ljós gul-brún mjúk og leirkennd méla. Mörk eru greinileg. Lengd 30 sm, breidd 13 sm, og mesta dýpt er 7 sm. Örlitlar gular/appelsínugular torfskellur og kolasmít. Fylling í holu 21861.	LK & HBGK
21398	Fylling	Fylling í holu/stoð?	A/C	Ljós gul-brún mjúk og leirkennd méla. Mörk renna saman við næsta jarðlag. Lengd er 40 sm, breidd 25 sm, og mesta dýpt 14 sm. Örfáar steypuagnir eru í laginu og gular/appelsínugular torfskellur ásamt kolasmíti. Fylling í holu 21803.	LK & HBGK

Eining nr.	Heiti	Tegund	Svæði	Lýsing	Skráning
21742	Niðurgröftur	Stoðarhola?	A/C	Hola, snýr í A-V. Ferköntuð horn, hliðar óreglulegar og miðlungshalli. Lengd 37 sm, breidd 18 sm og mesta dýpt 7 sm. Samtíða 21803 og 21861. Óljóst hvort um sé að ræða raunverulega stoðarholu eða einungis holu eftir stórgrýtið úr hlöðunni sem gæti hafa þrýsts niður í jarðveginn og myndað holuna.	LK & HBGK
21803	Niðurgröftur	Stoðarhola?	A/C	Hola, snýr í NV-SA. Ferköntuð horn, kúptar hliðar. Lengd 34 sm, breidd 16 sm og mesta dýpt 8 sm. Samtíða 21742 og 21861. Óljóst hvort um sé að ræða raunverulega stoðarholu eða einungis holu eftir stórgrýtið úr hlöðunni sem gæti hafa þrýsts niður í jarðveginn og myndað holuna.	LK & HBGK
21861	Niðurgröftur	Stoðarhola?	A/C	Hringlaga hola (cut) undir gólflagi 20647, snýr í A-V. Lögung á botni er íhvolfur, lögung á hornum er hringlaga. Halli á hliðum er miðlungs og lögung á hliðum eru óreglulegar. Lengd 37 sm, breidd 23 sm og mesta dýpt 10 sm. Samtíða 21742 og 21803. Óljóst hvort um sé að ræða raunverulega stoðarholu eða einungis holu eftir stórgrýtið úr hlöðunni sem gæti hafa þrýsts niður í jarðveginn og myndað holuna.	LK, HBGK
22064	Mannvistarlag	Torfhrun	A/C	Meðalbrún malarkennd méla með gulum blæ. Mörk greinileg og mesta dýpi 15 sm. Innihélt einstaka kol og svarta gjósku (K~1500).	SIT
22419	Niðurgröftur	Rör	A/C	Hola sem líkist röri, liggur í NA-SV átt. Ferköntuð horn, jafnar og lóðréttar hliðar. Lengd 5 sm, breidd 3 sm og mesta dýpi 10,4 sm. Tengist mögulega dreni [20] sem lá þarna yfir.	DFT


Eining nr.	Heiti	Tegund	Svæði	Lýsing	Skráning
22425	Mannvistarlag	Mannvistarlag	A/C	Meðalbrún leirkennd méla með gulan blæ. Þétt í sér, óregluleg mörk við næsta jarðlag. Lengd 2,5 m, breidd 1 m, mesta dýpt 2 sm. Engir gripir, en aska og smásteinar til staðar.	DFT
22439	Mannvistarlag	Móaska í öskuhaug	B	Rauð/appelsínugul brúnleit móaska. Þétt í sér og mörk við næsta jarðlag eru greinileg. Einstaka kol og smásteinar, meðal mikið af sót/ösku, og algengt er af beinum og brenndum beinum. Lengd 4,12 sm, breidd 2,97 sm og mesta dýpt 12 sm. Með torfskellum í austurenda.	SEE
22530	Niðurgröftur	Pinnahola	A/C	Ferhyrnd flatbotna pinnahola með stefnu austur-vestur. Hliðar jafnar. Lengd um 7sm, breidd um 4sm. Mesta dýpt 35,5 sm.	DFÍ
22628	Náttúrulegt	Foklag með K~1500	A/C	Meðalbrún leirkennd méla. Þjappað saman en mjúkt. Mörk við næsta jarðlag skörp og mesta dýpt 7 sm.	KK & HBGK
22694	Fylling	Fylling í vegg	A/C	Gul-brún leirkennd mold. Mjúk og laus. Mörk við næsta jarðlag eru greinileg. Lengd er 33 sm, breidd 31 sm. Mesta dýpt um 20 sm. Gripir: dýrabein (hvalbein), múrsteinar, gaddavír. Einstaka bein, algengt er af smásteinum og stærri steinum.	HD & DF
22922	Náttúrulegt	Gjóska	A/C	Svört fínkornótt gjóska. Laus og mjúk. Mörk við næsta lag eru skörp. Mesta dýpi um 9 sm. Katla 1500 in situ. Samtíða 16827 frá árinu 2021.	MOM & HBGK
22984	Fylling	Fylling í pinnaholu	A/C	Brúngrá auðmulin méla. Mörk jarðlagsins voru skörp. Lengd um 6 sm, og breidd 6,3 sm. Mesta dýpt 13,5 sm.	TB

Eining nr.	Heiti	Tegund	Svæði	Lýsing	Skráning
23154	Niðurgröftur	Pinnahola	A/C	Ferhyrnt pinnhola í NV-SA stefnu. Lögung á botni er íhvolfur. Lögung á hornum er hringlaga. Halli á hliðum er lóðrétt og lögung á hliðum eru jafnar. Lengd 6 sm, breidd 6,3 sm og mesta dýpt er 13,5 sm. 80 sm frá V- vegg hlöðu.	TB
